

Innbyggður bílskúr og aukaíbúð

Fasteignablaðið allt í MIÐJU BLAÐSINS



Á skrautlegt hús á Akranesi

Lét skreyta það með graffitilist FÓLK 38



Nennti ekki rakstri í frínu og mætti með alskegg

Ágætlega sáttur en vinnufélagarnir missáttir FÓLK 38



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. ágúst 2006 – 210. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Lundaveiðar í Grímsey

„Þetta er fyrir löngu orðinn einn af föstu punktum í mínu lífi og það fær því ekkert breytt; síðustu helgina í júlí er ég á lundaveiðum sama hvað tautar og raular,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.



TILVERAN 16

Myndar íslensku hörkuna

Argentínski ljósmyndarinn Martín Santander efnir tuttugu ára gamalt heit sitt um að koma aftur til Íslands til að mynda land og þjóð.



MENNING 26

Líf eftir þetta líf

Þórhallur miðill snýr aftur til starfa í útvarpinu í kvöld þegar þáttur hans Lífsaugað hefur göngu sína á ný á útvarpsstöðinni Voice á Akureyri.




TÍMAMÓT 22

Blikastúlkur keppa í dag

Breiðablik leikur í dag sinn fyrsta leik í Evrópukeppni félagsliða í knattspyrnu en leikið er í Austurríki. Blikastúlkur mæta stóllum sínum frá Portúgal í Dezembro en riðillinn verður spilaður alla vikuna.

ÍÞRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTUSAMUR ÞRIÐJUDAGUR Í dag verður norðaustlæg eða austlæg góla og úrkoma um allt land. Rigning á Austurlandi en skúrir annars staðar. Styttir upp og birtir til á Vesturlandi þegar liður á daginn. Hiti 10-12 gráður.

BAK VIÐ FJÖLLIN BLÁU Fjarlægðin gerir fjöllin blá, segir máltækið. Án efa hafa margir þreyttir ferðalangar mænt dreyminnir út um bílúðuna á borgina sem leynist bakvið fjöllin, þegar umferðarpunginn lá til Reykjavíkur í gær. Umferð um Hvalfjarðargöngin gekk þó með besta móti og höfuðborgin tók vel á móti liðhlaupum helgarinnar að loknu löngu ferðalagi.



FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Lífeyrissjóðir sýni félagslega ábyrgð

Formaður Samfylkingar kallar eftir samfélagslegri ábyrgð lífeyrissjóða gegn misskiptingu í þjóðfélaginu. Stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna segir önnur markmið en skýr ávöxtunarsjónarmið vera lögbrot.

LÍFEYRISJÓÐIR Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, vill að lífeyrissjóðir, sem stærstu stofnanafjárfeSTAR hér á landi, móti fjárfestingarstefnu þar sem áhersla sé lögð á félagslega ábyrgð fyrirtækja til að sporna við aukinni misskiptingu í þjóðfélaginu.

Sem dæmi nefnir Ingibjörg að lífeyrissjóðir geti mótað stefnu um að fyrirtæki sem þeir fjárfesti í hafi hámark á launabili milli starfsmanna sinna, hafi virka jafnréttisstefnu, sinni endurmenntun starfsmanna og séu ábyrgð í umhverfismálum.

Spurð hvort þetta geti verið samrýmanlegt lögbundnu hagnaðarsjónarmiði lífeyrissjóða segist Ingibjörg telja svo vera. „Ég tel að þetta muni með engum hætti

draga úr arðsemi fyrirtækja. Það eru meiri líkur á að fyrirtækjum gangi vel og séu arðbær ef vel er búið að fólkinu sem þar starfar og það starfar í sátt við samfélag sitt.“

Víglundur Þorsteinsson, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna, segir þessar hugmyndir Ingibjargar Sólrúnar lýsa vanþekkingu eða hugsunarleysi. „Lífeyrissjóðir eru samtryggingarsjóðir en í löggjöf sem Alþingi hefur sett liggur það skýrt fyrir að stjórnir lífeyrissjóða hafa þá meginforskyldu að ávaxta peninga lífeyrissjóðsins með besta hugsanlega móti. Stjórnir lífeyrissjóða væru að mínu mati að brjóta lög ef þær settu önnur markmið en skýr klár ávöxtunarsjónarmið fram fyrir í fjárfestingarstefnu sinni.“

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, segir að ekki hafi verið mótuð sérstök stefna um félagslega ábyrgð í fjárfestingum á þeim vettvangi heldur hafi einstökum sjóðum verið eftirlátið að móta stefnu um fjárfestingar. „Það er hins vegar algjört ofmat á stöðu og styrk íslensku lífeyrissjóðanna ef menn halda að sjóðirnir geti einir og sér skerpt á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækjanna. Jafnvel þó að allir íslensku lífeyrisjóðirnir myndu leggja á sömu sveif eiga þeir ekki nema tólf til þrettán prósent af markaðsverðmæti hlutabréfa skráðra hjá Kauphöll Íslands. Það þyrfti því aldeilis að byggja á stuðningi annarra hluthafa ef málið ætti að fá einhvern framgang.“

-sdg / sjá síðu 20

Umferðin í gær gekk vel: Mesta umferðin að norðan

UMFERÐ Samdóma álit lögreglumanna víðs vegar um landið er að umferðin hafi gengið vel í gær. Lögreglan í Reykjavík segir mikla umferð hafa legið til borgarinnar allan daginn, sem hafi tekið að þyngjast upp úr hádegjunu.

Vilhjálmur Stefánsson, lögreglumaður á Blönduósi, segir að góða veðrið fyrir norðan hafi auginnleglega trekt fólk að og veðrið í gær á Norðurlandi hafi orðið til þess að fólk var seinna á ferðinni. Lögreglan á Blönduósi stöðvaði um fimmtíu ökumenn í gær fyrir of hraðan akstur, en sá biræfnasti ók á 149 kílómetra hraða.

Eyþór Friðriksson, starfsmaður í gjaldskýli Spalar við Hvalfjarðargöng, segir að nánast hafi bíll verið við bíl frá hádegi. „Um sjöleytið náði röðin við göngin um tvo kílómetra,“ segir Eyþór en hann ber umferðinni góða söguna. Undir kvöld tók umferðin að minnka.

Jón Lárusson, varðstjóri hjá lögreglunni á Selfossi, segir umferðina hafa verið mikla á sunnudeginum og það hafi létt á umferðinni í gær.

-æþe

Yfirlögregluþjónn segir að öflugt fíkniefnaeftirlit um helgina hafi skilaði árangri:

Yfir hundrað fíkniefnamál

FÍKNIEFNI Um 111 fíkniefnamál komu upp á landinu um helgina. Að sögn Guðmundar Guðjónssonar, yfirlögregluþjónna hjá Ríkislögreglustjóra, má búast við að talan hækki næstu daga, þar sem um bráðabirgðatölur er að ræða.

„Fleiri mál eru að koma inn á borð lögreglunnar, sum mál eru enn í vinnslu og koma seinna inn, en þetta er mesti fjöldi fíkniefnamála sem komið hefur upp síðustu ár um þessa helgi,“ segir Guðmundur. Hann telur ástæðu fjölgunarinnar vera strangt eftirlit nú um helgina.

Öflugt fíkniefnaeftirlit var um helgina á vegum Ríkislögreglustjóra. Sveit þrettán sérþjálfaðra fíkniefnalögreglumanna af höfuðborgarsvæðinu og tollvarða frá Tollstjóranum í Reykjavík og Sýslu-



LÖGREGLUHUNDURINN NERO Fíkniefnaleitarhundar stóðu vaktina ásamt lögreglu um helgina.

manninum á Keflavíkurflugvelli, með fjóra leitarhunda, heimsótti helstu útiðurburði helgarinnar og var lögregluembættunum á stöðunum innan handar.

Flest fíkniefnamálin komu upp í umdæmi Akureyrarlögreglunnar, um sextíu talsins. Að sögn Her-

manns Karlssonar, varðstjóra hjá lögreglunni á Akureyri, var um svokölluð neyslumál að ræða í flestum tilvikum. Þrjú tilfellinga tengjast sölu og var lagt hald á töluvert magn fíkniefna í þeim tilvikum.

Næstflest fíkniefnamálin komu upp í Vestmannaeyjum en þau voru töluvert færri en á Akureyri, fjórtán talsins. Í tveimur tilvikum fundust fíkniefni innvortis þar sem viðkomandi reyndi að smygla fíkniefnum til eigin neyslu inn á Þjóðhátíðarsvæðið.

Guðmundur segir um fjöllun fjölmiðla um öflugt fíkniefnaeftirlit um verslunarmannahelgina hafa orðið til þess að fæla fólk frá því að reyna að koma með fíkniefni til að mynda að Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

-æþe



15 HÓTEL ALLAN HRINGINN

www.hoteledda.is | Sími 444 4000



REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST



Skráðu þig núna á www.glitnir.is

GLITNIR

Það er miklu betra að
bæta bara við inneignina
eftir þörfum á Netinu.

Smelltu þér á www.sko.is

Þú getur flutt GSM símanúmerið þitt yfir til SKO.



SKO
Tala meira. Borga minna.

14,90kr.
Mínútuverð

4,90kr.
SMS verð

0,00kr.
Mánaðargjald





ENHEDU / SIA / IMG088

NJÓTTU ÞESS AÐ VERA
FÍNN Í TAUINU



WWW.KBNAMSMENN.IS

Sértilboð KIA Sportage dísil 140 hestöfl

2.690.000 kr.

eða 27.720 kr. á mánuði*



Vegna sérlega hagstæðra samninga við framleiðendur getum við nú boðið örfáa KIA Sportage á þessu frábæra verði. KIA Sportage nýtur sívaxandi vinsælda á Íslandi, enda framúrskarandi og margverðlaunaður sportjeppi. Byltingarkennd 2ja lítra dísilvélin er einstaklega hljóðlát og umhverfisvæn en skilar engu að síður 140 hestöflum og eyðir aðeins 7,1 lítra á hundraðið í blönduðum akstri.

KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.



KIA Sportage er sigurvegari í sínum flokki, samkvæmt gæðakönnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power. Könnunin náði til 115 þúsund bíleigenda í Bandaríkjunum.



KIA MOTORS

*M.v. 30% útborgun og 84 mán. bílasamning hjá SP fjármögnun með blandaðri myntkörfu.

120



Landsbankinn
Máttarstólpi Menningarnætur
Menningarnótt 19. ágúst

Kostnaður við húsnæðislán hér á landi er töluvert hærri en á evrusvæðinu:

Vexti á lánum þarf að lækka

HÚSNÆÐISLÁN Kostnaður við lántöku vegna íbúðakaupa getur verið allt að tvöfalt hærri hér á landi en á evrusvæðinu, sé miðað við hefðbundin húsnæðislán.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir kostnað við íbúðalán hér á landi óviðunandi fyrir almenning í landinu. „Annars vegar er verðbólgan heimatilbúin og almenningur þarf að greiða hátt verð fyrir misheppnaða en sjálfstæða hagstjórn, þar sem íslenska krónan er í aðalhlutverki. Vandinn er sá í hnotskurn að hagstjórnin hér innanlands er ekki nægilega góð. Og



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

síðan er það íslenska krónan, sem skoppar eins og korktappi í alþjóðlegum fjárhagseigendum. Fyrirtæki og stóreignamenn hafa aðgang að evrópskum kjörum en ekki almenningur í land-

inu, og það er óviðunandi.“

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir breytingar á íbúðalánasjóði í vændum og vonast til þess að vaxtakjör batni eins mikið og kostur er. „Það urðu breytingar á húsnæðismarkaðnum sem lækkuðu vaxtakostnaðinn við lán mikið, en þær leiddu til þenslu á húsnæðismarkaði sem við erum enn að glíma við. Endurskoðun á íbúðalánasjóði stendur yfir. Það þarf að fara varlega í sakirnar þegar farið er út í breytingar á þessum markaði, en að sjálfsögðu eigum við að stefna að eins góðum vaxtakjörum og kostur er.“ -mh

Þriðjungur fólks fær krabbamein á ævinni

Einn af hverjum þremur fær krabbamein einhvern tíma á ævinni, að því er fram kemur í krabbameinsskrá. Fimm ára lífshorfur þeirra sem fá með krabbamein hafa tvöfaldast á fimmtíu árum. Helmingur allra sem greinast er eldri en 65 ára.

HEILSA Þriðjungur landsmanna fær krabbamein einhvertíma á ævinni, samkvæmt krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands. Um það bil fjórðungur allra dánarmeina er af völdum krabbameins. Tíðni hinna ýmsu tegunda krabbameins er mismunandi eftir kynjum, hjá körlum er lungnakrabbamein algengast en brjóstakrabbamein algengast hjá konum.

Um sextíu prósent þeirra sem greinast með krabbamein í dag eru á lífi fimm árum frá greiningu, en fyrir fimmtíu árum voru um þrjátíu prósent á lífi fimm árum eftir greiningu. Hvað mörg krabbamein varðar hafa horfur batnað verulega, til dæmis eru um níutíu prósent líkur á að kona sem greinist með brjóstakrabbamein í dag verði á lífi eftir fimm ár.

Að sögn Helga Sigurðssonar, prófessors í krabbameinlækningum, er krabbamein óumdeilanlega eitt helsta heilsuvandamál þjóðarinnar. „Krabbamein er sá sjúkdómur sem almenningur óttast einna mest að fá, en margir tengja greiningu þess við dauðadóm,“ segir Helgi. „Horfur þeirra sem greinast eru þó að batna og þeir sem læknað ekki lifa lengur og betur en áður. Ástæðan er framfarir í meðferð og greiningu sjúkdómsins á forstigum og einkenna-meðferð.“



LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS Helgi Sigurðsson, prófessor í krabbameinlækningum, segir krabbamein óumdeilanlega eitt helsta heilsuvandamál þjóðarinnar. Þó hafi horfur þeirra sem greinast aldrei verið betri en nú. Samkvæmt krabbameinsskrá er um fjórðungur allra dánarmeina af völdum krabbameins.

Helgi segir aldur mesta áhættuþátt þess að fá krabbamein. Krabbamein séu fátíð undir 40 ára aldri og meira en helmingur allra sem fá krabbamein greinist eftir 65 ára aldur. Meðalaldur við greiningu krabbameina er 67 ár hjá körlum og 63 ár hjá konum.

„Nýjar rannsóknir sýna að offita og þyngdaraukning eru mikilvægir áhættuþættir fyrir fjölda krabba-

meina, þannig að hreyfing og viðhald kjörþyngdar eru mikilvægir fyrirbyggjandi þættir.“

Hann segir að búast megi við verulegri lækkun á nýgengi á sumum krabbameinum eins og lungnakrabbameini þar sem reykingar landsmanna hafi minnkað. Önnur eigi eftir að aukast eins og sortumein vegna sólstrandarferða og sólbaða.

salvar@frettabladid.is

Farangurskassar
leysa plássvandann í bílnum!



SUMARTILBOÐ
24.900

Þyngd: 19,5 kg
Rúmmál: 320 L
Breidd: 0,96 m

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is Eyjarlóð 5, sími 511 2200

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Borgarbíll og fjallafari:
1.990.000 kr.



IMPREZA

SUBARU

Subaru Impreza er á lygilegu tilbóði í ágúst og er fyrir vikið á mun betra verði en bílar í sama flokki, þ.m.t. Volkswagen Golf. Gerðu verðsamanburð. Núna er rétti tíminn til að fjárfesta í Subaru Impreza.

STADALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16" ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opíó: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Njarðvík 421-8808
	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reykjavíri 474-1453

Aukahlutir á mynd: 17" álfelgur

SUBARU IMPREZA SUMARTILBOÐ:


Beinskiptur Sedan	1.990.000 kr.
Sjálfskiptur Sedan	2.140.000 kr.
Beinskiptur Wagon	2.060.000 kr.
Sjálfskiptur Wagon	2.190.000 kr.



Skólavörubúðin

Vantar þig peninga?

Fáðu peninga strax fyrir notaðar og vel með farnar skólabækur!



skiptibókamarkaður skiptibókamarkaður skiptibókamarkaður skiptibókamarkaður skiptibókamarkaður skiptibókamarkaður skiptibókamarkaður

Skólavörubúðin • Smiðjuvegi 5 • 200 Kópavogur • Sími 585 0500 • www.skola.is



HITINN POLANLEGUR Þessi níu ára gutti brá á það ráð að fá félagi sína til að grafa sig í sandinn á ströndinni á Coney Island í New York í vikunni og afbar þannig um stund hitabylgjuna sem ríður yfir austurströnd Bandaríkjanna. **FRÉTTABLAÐIÐ/AP**

Náttúruverndarsamtök Íslands gagnrýna aðgerðir lögreglu harðlega:

Óparfa afskipti af ferðafólki

NÁTTÚRA Náttúruverndarsamtök Íslands gagnrýna harðlega aðgerðir lögreglu gagnvart mótmælendum og öðru ferðafólki á Kárahnjúkum. Samtökin segja að í lýðræðisþjóðfélagi hafi fólk rétt á því að mótmæla með friðsamlegum hætti og eigi yfirvöld að sýna mótmælendum fulla virðingu. Lögreglan hefur ítrekað stöðvað ferðir fólks á svæðinu og leitað í bílum þess.

„Lögreglan hefur gengið mjög harkalega að mótmælendum og skiptir sér af saklausu ferðafólki á svæðinu í kringum Kárahnjúka. Þetta er algjörlega óviðunandi framkoma,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtak-

anna, og bætir því við að aðgerðir mótmælenda á svæðinu séu með friðsamlegum hætti. Árni segist skynja ákveðna taugaveiklun hjá lögreglunni og að mannleg samskipti séu ekki með besta móti.

Þeir sem hafa lagt leið sína til Kárahnjúka undanfarnar vikur hafa orðið varir við aukin afskipti lögreglu. Hefur verið nokkuð fjallad um það í fjölmiðlum og finnst mörgum nóg um. Lögreglan heldur því hins vegar fram að hún sé að gæta laga og reglna.

MÓTMÆLENDUR VIÐ KÁRAHNJÚKA Samkvæmt formanni Náttúruverndarsamtaka Íslands fara mótmælin á Kárahnjúkum fram með friðsamlegum hætti.



Hjólhýsi splundraðist:

Fauk út af og velti bílnum

BÍLVELTA Bíll valt á Tjörnesi í Suður-Þingeyjarsýslu um tvöleystið í fyrradag þegar hjólhýsi sem hann dró tókst á loft í miklu hvassviðri og splundraðist.

Hjólhýsið feykta bílnum af veginum í vindhviðu, en lögregla segir að vindhraði hafi mælst um 25 metrar á sekúndu á tímabili. Þrennt var í bílnum og hlaut fólkíð minniháttar meiðsl. Ökumaðurinn var fluttur á sjúkrahúsið á Húsavík og var hann útskrifaður þaðan í gær.

Leifar hjólhýssins dreifðust á stórt svæði og er billinn þar að auki talin ónýtur.

- æpe



VIÐBRÖGÐ SKIPULEGGJENDA

Vestmanneyjar:

„Veðrið getur klikkað en Þjóðhátíð klikkar aðrei,“ segir Páll Scheving, mótshaldari Þjóðhátíðarinnar í Eyjum.

Akureyri:

„Ég vill þakka gestum fyrir að vera til fyrirmyndar um helgina,“ segir Bragi Bergmann, talsmaður Vina Akureyrar sem standa að hátíðarhöldum fyrir norðan.

Neskaupstaður:

„Ég hef aldrei heyrt jafnmörg vó og á meðan flugeldasýningin var á sunnudagskvöldinu,“ segir Þorvaldur Einarsson, umsjónarmaður Neistaflugs í Neskaupstað.

Galtalækur:

„Það eina sem vantaði var rokið. Hér var bliðskaparveður alla helgina,“ segir Einar Bárðarson, sem stóð að hátíðinni í Galtalæk.



FJÖR Í LAUGARDALNUM Ekki lögðu allir land undir fót en um 5.000 manns komu saman í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal þar sem Stuðmenn héldu uppi fjölrinu. **FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL**

Aðstandendur eru sáttir

Þótt veðurguðirnir hafi ekki verið í sínu besta skapi um helgina var gleðin mikil víðsvegar um landið.

VERSLUNARMANNAHELGIN Að sögn Braga Bergmann, talsmanns Vina Akureyrar sem stóðu að hátíðarhöldum þar í bæ, voru gestir til fyrirmyndar um helgina.

„Níutíu og níu prósent af gestum skemmtu sér með sóma. Auðvitað leynast svartir sauðir alls staðar en að mínu mati var þetta vel heppnað í alla staði.“

Í kringum 18.000 manns lögðu leið sína norður um helgina. Loka-hátíðin á sunnudagskvöldinu var vel heppnuð en þar sungu Hreimur í Landi og sonum og Vignir í Írafári og stjórnuðu heimamenn miklum brekkusöng á íþróttavellinum við góðar undirtektir. Flugeldasýning var svo haldin undir lokin sem hnýtti slaufu á helgina.

Í Vestmannaeyjum setti veðrið strík í reikninginn á Þjóðhátíðarhöldum en Páll Scheving, mótshaldari í Eyjum, var ánægður með hátíðina í ár. „Auðvitað er erfitt þegar mikil bleyta er í dalnum en ég er ánægður með hversu lítið fólk lét það á sig fá. Hér skemmtu sér allir með bros á vör í rigningunni,“ segir Páll og bætir því við að íþróttahúsið hafi verið opið alla helgina og gat því fólk sem missti tjöldin sín í rokinu gist þar. Aldursforsetar hátíðarinnar Bubbi Morthens og Árni Johnsen voru hápunkturinn á hátíðinni og segir Páll að hann hafi sjaldan séð fleiri í Herjólfsdal og á sunnudagskvöldinu þegar

þeir tróðu upp fyrir 9.000 manns.

Fyrir austan var hátíðin Neistaflug haldin í Neskaupstað. Þar var veðrið gott og segir Þorvaldur Einarsson, umsjónarmaður hátíðarinnar, að um 5.000 manns hafi sótt hátíðina í ár og allt gengið snurðulaust fyrir sig. Mótshaldarar einbeittu sér að því að hafa hátíðina fjölskylduvæna og var dagskráin eftir því. „Páll Óskar var með ball fyrir unglíngana og var stemningin þar alveg frábær. Svo voru alls konar skemmtiatriði fyrir yngstu fjölskyldumeðlimina svo sem Bárður og Birta úr Stundinni okkar og leikritið Ávaxtakarfan var sýnt við góðar undirtektir,“ segir Þorvaldur.

Einar Bárðarson hélt að þessu sinni vímulusahátíð eins og venja er í Galtalæk um helgina. „Hátíðin gekk meiriháttar vel og mikið var um barnafólk á svæðinu enda reyndum við að stíla inn á þann hóp.“ Um 5.000 manns sóttu hátíðina og voru öllum viðburðunum vel tekið af gestum. Stúlkna sveitin Nylon, sem er að gera það gott í Bretlandi, hélt tónleika og Stuðmenn sungu við mikla gleði gesta. „Hápunkturinn var þegar Sumargleðin með Ragna Bjarna, Hemma Gunn, Ómar Ragnarsson og Þorgeir Ástvaldson innanborðs stígu á stökk og þeir sýndu að þeir hafa engu gleymt,“ segir Einar, ánægður með hátíðarhöld helgarinnar.

alfrun@frettabladid.is



Vertu á hellsu í sumar fyrir
4.092 KRÓNUR Á MÁNUÐI*



Hellur & steinar
FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 550 eða á www.mest.is.



– allt til bygginga

VISAlán
HAGSTADAR AFROGANIR

Staðgreiðsla
lán

*Forsendur miðast við 60 m² af Borgarhellum án hellulagnar og jafnar mánaðarlegar greiðslur á VISA eða Mastercard í 36 mánuði. MEST áskilur sér rétt til að breyta verði án fyrirvara. Bretta og pokatrygging endurgreiðist við skil. 8% umsýslugjald þegar skilað er opnuðum hellubrettum.

Malarhöfða 10, Reykjavík

Bæjarflöt 4, Reykjavík

Hringhelli 2, Hafnarfirði

Hrísmýri 8, Selfossi

Leiruvogi 8, Reyðarfirði

Konulík finnst í Svíþjóð:

Karlmaður handtekinn

SVÍÞJÓÐ Lík af þungaðri konu fannst í vikunni á floti við Ekerö, skammt fyrir utan Stokkhólm. Að sögn lögreglu var konan myrt fyrir mörgum mánuðum og í fyrstu var ekkert annað vitað um hana en að hún hefði líklega verið af erlendu bergi brotin og komin rúma sjö mánuði á leið.

Upplýsingar frá almenningi urðu til þess að nú hafa kennsl verið borin á líkið og á fimmtudag handtók sænska lögreglan karlmann á fertugsaldri í suðurhluta Stokkhólms.

Hann var yfirheyrður í gær en lögregla varðist allra fregna af málinu, að því er fram kom á fréttavef Dagens Nyheter í gær. - smk

Formaður Landssambands vörubifreiðastjóra segir það varla geta staðist að margir vörubílstjórar aki of hratt:

Hraðatakmarkandi búnaður skylda

UMFERÐ Lögbundið er að hafa hraðatakmarkandi búnað í vöruflytningabílum hérlandis sem hindrar það að þeir komist hraðar en á níutíu kílómetra hraða. Þetta segir Jón Magnús Pálsson, formaður Landssambands vörubifreiðastjóra.



JÓN MAGNÚS PÁLSSON,

Vöruflytningabílstjórar hafa verið gagnrýndir undanfarið, meðal annars fyrir það að aka of hratt. Ýmsir hafa fullyrt að þeir hafi ekið á eftir vörubílum á 110 til 120 kílómetra hraða á þjóðvegum. Jón segir þetta varla geta staðist í ljósi þess

að öllum beri skylda til að hafa slíkan búnað í bíl sínum, en sé það satt sé viðkomandi alvarlega brotlegur.

Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar Alþingis, hefur einnig varpað fram þeirri hugmynd að hugsanlega ætti að banna tengivagna við vörubíla því vegakerf-

id þoli þá ekki, og leggja ætti aukna áherslu á sjóflutninga. Jón Magnús segir markaðs- aðstæður á Íslandi gera þá kröfu að vörur séu fluttar landleiðina. „Hvað á annars að gera við allan

ferska fiskinn sem þarf að flytja frá Akureyri, Kópaskeri og vítt og breitt af landinu og fer beint í flug?“

Jón Magnús bendir á að á Íslandi séu í gildi Evrópustaðlar um lengdir ökutækja og þeim sé framfylgt. „Ef vagnarnir væru teknir aftan úr minnkuðu flutningarnir ekkert, bílunum myndi bara fjölga.“ Hann bætir við að ekki sé mögulegt að setja 12 til 14 metra langa gáma á bíla án tengivagna. Þá þyrfti að lengja bílana og þannig kæmst þeir til að mynda ekki í gegnum venjuleg hringtorg.

„Eg held að stjórnvöld og sam-



VÖRUFlytningabíll Hraðatakmarkandi búnaður á að vera í öllum vöruflytningabílum samkvæmt lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLU

tök hagsmunaaðila ættu að setjast niður og reyna að ná sátt í þessum málum,“ segir Jón. - sh



GULSEKKJAKÓNGULÓ Margir Austurríkisbúar eru um þessar mundir afar óttaslegnir við þessa litlu kónguló. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kóngulær í Austurríki:

Mikil skelfing grípur um sig

AUSTURRÍKI, AP Tæplega 200 manns leituðu á slysavarðsstofu í borginni Lenz í Austurríki á miðvikudag vegna ótta við kóngulóarbit. Eingöngu átta voru greindir með „hugsanleg einkenni“ og segja læknar kóngulóarfælni hafa brotist út í landinu.

Gulsekkjakóngulóin er landlæg í Austurríki og þó að bit hennar sé ekki hættulegt getur það verið afar sársaukafullt.

Fyrr í sumar voru nokkrir bitnir og síðan hafa fréttir birst reglulega af kóngulónni í austurrískum fjölmiðlum og hundruð manna hafa hringt í neyðarþjónustu eiturefna í Vínarborg. Ríkisstjórnin hefur beðið landsmenn um að taka öllu með ró. - smk

HIV-smituð börn í Rúmeníu:

Fá ekki að ganga í skóla

RÚMENÍA, AP Um 7.000 börn og ungmennti í Rúmeníu eru smituð af HIV-veirunni og segja mannréttindahópar þau vera fórnarlömb fordóma í eigin landi. Börnin gangi ekki í skóla og njóti hvorki þjónustu tannlækna né fái rétt lyf við sjúkdómi sínum.

Að sögn Human Rights Watch ganga 40 prósent barnanna ekki í skóla, þrátt fyrir að skólaskylda sé til 16 ára aldurs í Rúmeníu. Hin börnin lenti í einelti vegna sjúkdómsins, bæði frá kennurum og nemendum, og stundum séu þau jafnvel rekin úr skóla. Lög um barnavernd eru góð í Rúmeníu og örorkubætur til staðar fyrir HIV-sjúklinga, en hvorugu er framfylgt, að sögn samtakanna. - sgj


LÖGREGLUFRÉTTIR

Missti stjórn á bíl í lausamöl

Ökumaður missti á fimmtudag stjórn á bifreið sinni við framúrakstur, rétt norðan við Hólmavík, með þeim afleiðingum að bifreiðin endaði utan vegar. Svo virðist sem ökumaður hafi fípast við að lenda í lausamöl í vegkantinum, því hann ók utan í bílinn sem hann hugðist fara fram úr áður en hann lenti utan vegar. Bifreiðin fór í gegnum grindverk og að sögn lögreglu má ökumaður teljast lánsamur að bílinn valt ekki.

ÚKRAÍNA

Janúkovítsj kjörinn Úkraínuþing staðfesti í gær Viktor Janúkovítsj í embætti forsætisráðherra í atkvæðagreiðslu sem fór 271 gegn 9. Flokksmenn Júlíu Tímossjenkó, sem ásamt Viktor Júsjenkó forseta leiddi „appelsínugulu byltinguna“ fyrir hálfu öðru ári, sátu hjá.



„Pure talent“

~Jason Newsted

Fylgist með Magna í kvöld kl. 1 eftir miðnætti. Úrslitin verða svo sýnd á miðnætti annað kvöld.

Tónleikarnir verða endursýndir kl. 21.30 á miðvikudagskvöldið og úrslitin kl. 21.30 á fimmtudagskvöldið.

Nú nærðu SKJÁEINUM í gegnum Digital Ísland



REYKJAVÍKUR MARAPON GLITNIS 19. ÁGÚST



LATABÆJARMARAPON FYRIR BÖRNIN

1,5 km



LATABÆJARMARAPON er ný vegalengd í Reykjavíkumaraþoni Glitnis þann 19. ágúst. Hlaupið er ætlað börnum yngri en 11 ára og fá allir þátttakendur boli við afhendingu skráningargagna og verðlaunapening að loknu hlaupi.

Hlaupið hefst í Lækjargötu kl. 14.15. Íþróttaálfurinn mun tryggja að allir leggi af stað í hlaupið með bros á vör með upphitun sem hefst kl. 13.45.

Skráning í hlaupið og allar nánari upplýsingar eru á www.glitnir.is. Þátttökugjald er 800 kr. Foreldrar sem fylgja börnum í Latabæjarhlaupinu þurfa hvorki að skrá sig né greiða þátttökugjald.

RÁSTÍMI OG VEGALENGDIR Í REYKJAVÍKUMARAÞONI GLITNIS

09.00 Maraðon, **42 km**

09.40 **10 km**

10.05 Hálfmaraþon, **21 km**

11.00 Skemmtiskokk, **3 km**

13.45 Latabæjardagskrá hefst. Íþróttaálfurinn hitar upp hlaupara.

14.15 **LATABÆJARMARAPON, 1,5 km**

Sjáumst eldhress 19. ágúst!

GLITNIR

SPARI DAGGAR

BJÓÐUM STÓRKO
HLJÓMTÆKJA O.M.

HJÁ ORMSSON

NOKKUR DÆMI:



Pioneer
DVD skrifari
Verð áður: 29.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 21.900 kr.
Þú sparar: 8.000 kr



15% afsláttur

Frábært úrval af DVD
hljótleikadiskum
20% afsláttur

Nintendo

tölvuleikir frá 590 kr. stk.



SHARP
Hljómtækjastæða

Verð áður: 12.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 10.900 kr.

Þú sparar: 2.000.- kr



OLYMPUS

Myndavél FE-140
með „accessory kit“
(auka rafhlaða, taska og ól)
Verð áður: 22.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 17.900 kr.

Þú sparar: 5.000.- kr



Nikon
– fyrir kröfuharða

6.1 milljón pixlar
SLR
3008 x 2000 upplausn
Útskiptanleg linsa
Innbyggt flass
Program og manual
stillingar
Linsa: DX 18-70mm
Þyngd 600 g án linsu

VERÐLAUNAVÉLIN
NIKON D-70S

Verð áður: 134.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 99.900 kr.

Þú sparar: 35.000.- kr

15-4 afsla

ANNAD TÆKIFÆRI:

**GÆÐI
Á EINSTÖKU
TILBOÐI:**

SAMSUNG



SAMSUNG
LE32M51BX
32" háskerpu
LCD sjónvarp

& SAMSUNG
DVD-125
DVD upptökutæki
og spilari

Verð áður: 264.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 219.900 kr.

Þú sparar: 45.000 kr



QONIX

DVD spilari m/ karaoke

Verð áður: 6.990 kr.
TILBOÐSVERÐ: 4.990 kr.

Þú sparar: 2.000.- kr



MIRA

20" LCD sjónvarp

Verð áður: 54.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 49.900 kr.

Þú sparar: 5.000.- kr

NINTENDO DS lite

NÝJASTA SNILLDIN FRÁ
Nintendo er komin í hús.
TILBOÐSVERÐ: 17.990 kr.



Nikon
– fyrir kröfuharða



NIKON
Coolpix L4

Verð áður: 21.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 15.900 kr.

Þú sparar: 6.000 kr

4.0 milljón pixlar
3 x aðdráttur í linsu
(38-116mm)
15 tókustillingar
2.5" LCD skjár
Video upptaka án hjóðs
10 MB innbyggt minni
- hægt að stækka með XD
minnskorti
Aðeins 115 g án rafhlöðu
Notar AA rafhlöðu



Pioneer
HEIMABIÓ

Nýtt módel 2006/2007

Verð áður
TILBOÐSVERÐ

HTH
FATASKÁPAR

15%
afsláttur

BEINN SÍMI Í HTH:
530-2906 / 530-2907 / 530-2908

SETTU ÞAÐ SAMAN

AF HVERJU AÐ BORGGA MEIRA?

Birt með fyrirvara um texta- og myndbrensl.

KOMDU OG GERÐU

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
WWW ORMSSON.IS

AKUREYRI · Sími 461 5000 KEFLAVÍK · Sími 421 1535

SANNKÖLLUÐ UPPSKERUHAÐIÐ FYRIR SKYNSAMT FÓLK

STLEGT ÚRVAL HEIMILISTÆKJA, VEGGSJÓNVARPA,
FL. MEÐ 15 - 40% AFSLÆTTI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!



MIRAI
32" LCD Sjónvarp
Verð áður: 179.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 149.900 kr.
Þú sparar: 30.000.- kr



Emile Henry
Poterie culinaire
FRANCE

Falleg,
frönsk
hágæða
leirvara.

30%
afsláttur



AEG

1700W TURBO Ryksuga
Verð áður: 10.990 kr.
TILBOÐSVERÐ: 7.990 kr.
Þú sparar: 3.000.- kr



brabantia
sold company

Strauborð,
ruslafötur
o.m.fl.

Hönnun
á heims-
mælikvarða.

20%
afsláttur

40%
áttur

TEFAL

Pottar
og pönnur
25-40%
afsláttur



TEFAL

Strjáujárn
25%
afsláttur



**ÞÚ GERIR EKKI
BETRI NÉ VANDAÐRI
KAUP**

AEG þvottavél
1600 snúninga, 6 kg.,
íslenskt stjórnborð.

AEG þurrkari
mjög hljóðlátur,
fjöldi prógramma,
íslenskt stjórnborð.



EFTIRSÓTTASTA
PAR LANDSINS

Lavamat 76820 Lavatherm 57820

TILBOÐ: KR. 175.000 PARIÐ (Fullt verð: KR. 213.900)



59.900 kr.
Þ: 49.900 kr.

Ómissandi
í eldhúsið.

AEG



AEG Blandari
Verð áður: 5.990 kr.
TILBOÐSVERÐ: 4.990 kr.
Þú sparar: 1.000 kr



AEG

AEG spansuðuhelluborð
Verð áður: 142.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 99.900 kr.
Þú sparar: 43.000 kr

Fyrirtaks
borvélar.

AEG



AEG SBE630R Borvél
Verð áður: 8.990 kr.
TILBOÐSVERÐ: 7.990 kr.
Þú sparar: 1.000 kr



Klassisk
kaffivél.

AEG

AEG Kaffivél
Verð áður: 6.490 kr.
TILBOÐSVERÐ: 4.490 kr.
Þú sparar: 2.000 kr

HÉR GERIR ÞÚ FRÁBÆR KAUP

AEG þvottavél
1200 snúninga, 6 kg.
íslenskt stjórnborð

AEG þurrkari
mjög hljóðlátur,
fjöldi prógramma
íslenskt stjórnborð

Verð áður: 168.000 kr.
TILBOÐSVERÐ: 149.000 kr.
Þú sparar: 19.000 kr



Lavamat 52820 Lavatherm 54810

AEG

ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR
UPPÞVOTTAVÉLAR
KÆLISKÁPAR
OFNAR - VIFTUR
HELLUBORÐ

15% afsláttur

GÓÐ KAUP!

ORMSSON

SMÁRALIND · Sími 530 2900 | SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800

„ORÐRÉTT“

Vélfjólaráðherrann

„Verður þá ekki að banna kraftmikla bíla líka?“

SÍV FRÍÐLEIFSÐÓTTIR HEILBRIGDIS-RÁÐHERRA TELUR EKKI AÐ HÆGT SÉ AÐ BANNA KRAFTMESTU VÉLHJÓLIN. FRÉTTABLAÐIÐ, 4. ÁGÚST.

Sölumennska

„Peir sem gefa félaginu pening fá sendan penna sem þakklætisvott. Það eru skiptar skoðanir um hvort þetta sé fjársöfnun eða hvort þetta sé sala.“

JÓN EGILL UNNDÓRSSON HJÁ FÉLAGINU FÁTÆK BÖRN Á ÍSLANDI VIÐURKENNIR AÐ ENGINN ENDURSKOÐANDI SJÁI UM BÓKHALDIÐ. FRÉTTABLAÐIÐ, 4. ÁGÚST.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

ÁRNI JOHNSEN AFTUR Í FRAMBOD

Á lítið erindi inn á þing

„Mér finnst sjálfsgagt að hann reyni ef hann vill þetta á annað borð, en mér persónulega finnst hann eiga lítið erindi inn á þing,“ segir Andrés Jónsson formaður Ungrajafnaðarmanna, en hugsanlegt framboð Árna Johnsen, fyrrverandi alþingismanns, í prófkjör Sjálfstæðisflokksins í suðurkjördæmi hefur verið í umræðunni að undanförmu.



ANDRÉS JÓNSSON

„Það liggur lítið sem ekkert gott eftir hann frá hans fyrri þingmannsferli,“ segir Andrés. „Ég öfunda ekki sjálfstæðismenn ef þeir ætla að fara að láta rífa upp öll mál Árna Johnsen og hvernig Árni fékk að leika lausum hala á ábyrgð ýmissa ráðherra sem enn sitja í einhverjum tilfellum enn fyrir Sjálfstæðisflokkinn.“

Ráðherra léttur í lunda

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur undanfarin fimmtán ár farið á lundaveiðar í Grímsey í Steingrímsfirði ásamt félögum sínum. Þetta árið kom landsþekktur fjölmíðlamaður með í fyrsta sinn og sló gömlu köppunum ref fyrir rass.

„Þetta er fyrir löngu orðinn einn af föstu punktum í mínu lífi og það fær því ekkert breytt; síðustu helgina í júlí er ég á lundaveiðum sama hvað tautar og raular,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. Hann tekst allur á loft á skrifstofu sinni þegar blaðamaður biður hann að segja sér frá lundaveiðiferð sem hann var í síðasta laugardag ásamt konu sinni Sigrúnu Þórisdóttur og



SAMÚEL ÖRN GERIR AÐ VÆNUM FENG SÍNUM Fuglar mega vara sig þegar ernir eru á ferð, sérstaklega ef það er Samúel Örn, en hann veiddi um 160 lunda, meira en gömlu kempurnar að vestan. Hér gerir hann að fengnum.

dóttur sinni Sigrúnu Maríu.

„Þetta er orðin nokkuð áralöng venja sem við byrjuðum á félagarnir þrír, þeir Gunnar Jóhannsson, útgerðar- og hrefnuveiðimaður úr Hólmavík, Magnús H. Magnússon veitingamaður og ég. Við byrjuðum þessar veiðar með álháfa en þegar við komumst rækilega á bragðið fengum við Salvar Baldursson bónda í Vigur til að útbúa fyrir okkur alvöru lundaháfa en það er jú svo að ef þú byrjar á þessu verður ekki aftur snúið. Nú hefur þetta þróast út í það að verða svona fjölskylduferð og það hefur fjölgað í höpnum, ég er ekki viss hvað það voru margir að veiðum að þessu sinni en þegar búið var að gera að og slegið var upp veislu um kvöldið geri ég ráð fyrir að þar hafi verið um 70 til 80 manns.“

Í Vestmannaeyjum er hefðin sú að konur fái ekki að fara með til lundaveiða en Einar segir þá hefð ekki við lýði fyrir vestan. „Við höfum einmitt mjög gaman af því að konurnar komi með. Þetta er ekki eingöngu karlasport enda eru konurnar ekkert síður grímmar eins og menn vita,“ segir hann og hlær.

Einar segir það misjafnt eftir ári hversu margir lundar veiðist en þegar vel gengur eru þeir um þúsund. „Svo skiptum við í fjöru eins og kallað var en þá er öllum aflanum skipt jafnt niður á háfa. Þetta er afar sósíalískt kerfi hjá okkur,“ segir sjálfstæðismaðurinn með semingi. „Ég var vel fyrir ofan meðallag að þessu sinni, sem er alltaf gott svo maður sé ekki að láta borga með sér.“

Lagt var af stað út í Grímsey um klukkan níu um morguninn en í hádeginu drógu menn upp nesti sín og snæddu saman. Aðrir drógu þá upp hákarl en í nestisboxi sjávarútvegsráðherra var meðal annars hrefnukjöt.

Einn nýgræðingur kom sér í þennan eftirsóknarverða félagskap í ár og sló hann gömlu félags-

segir Sveinn Rúnar og hlær. „Ég er alveg vaxinn upp úr glæmi og gleði, ég vil helst bara fá kaldan af krana í góðra vina hópi.“

Sveinn Rúnar hefur verið á faraldsfæti í ár vegna vinnu sinnar, en hann starfar sem framkvæmdastjóri hjá tölvuhugbúnaðarfyrirtæki með tengsl víða um heim. „Þetta er búið að vera frábært ár. Ég hef verið að vinna í Moskvu, Kænugarði og Riga og eftir árið er ég þeirrar skoðunar að Austur-Evrópa heilli mig hvað mest,“ segir Sveinn Rúnar. „Þar vil ég vera og því ætla ég að slá tvær flugur í einu höggi og læra og semja þar, í Ungverjalandi.“

Mikið stendur til hjá Sveini Rúnari helgina eftir

verslunarmannahelgina. „Vinkona mín ætlar að halda rísa Eurovision-hlöðupartí og hún er búin að bjóða öllum sem komið hafa nálægt keppninni hér á landi í gegnum árin,“ segir Sveinn Rúnar og tilhlökkunin leynir sér ekki. „Flestir eru búnir að boða komu sína, þannig að það verður án efa mikið stuð eins og alltaf þegar þessi hópur kemur saman.“



GERT AÐ FENGNUM Þarna er Jón Magnússon útgerðarmaður frá Patreksfirði að gera að fengnum ásamt Einari. Um kvöldið svignuðu svo veisluborð undan afrekstri dagsins sem matreiddur var að hætti Strandamanna.

mönnum ref fyrir rass og veiddi um 160 lunda eða fleiri en nokkur annar. „Ég var svo heppinn að mér var hent í land þar sem ég sá tilsníðinn stað að vestmannaeyiskum hætti en þar voru mér kennd tókin af færustu mönnum,“ segir Samúel Örn Erlingsson, aflakóngur ferðarinnar, en þetta var í fyrsta sinn sem hann veiddi í Grímsey. „Það var alveg dásamlegt að fá að taka þátt í þessari fjölskylduferð. Konan mín kom með og skemmti sér hið besta þó hún hefði getað hugsað sér margt annað að gera en drepa lunda.“

Einar hafði sagst með glöðu geði fresta fundi í Brussel með háttsettum ráðamönnum ef hann bæri upp á sama dag og lundaveiðiferðin. Fyrst Samúel Örn hefur nú verið innvígður í félagið þótti rétt að spyrja hann hvað hann myndi gera ef lundaveiðiferðina bæri upp á sama degi og úrslitaleikur í heimsmeistarakeppninni í fótbolta. „Er ekki ákvæði í stjórnarskrá sem bannar svona spurningar?“ segir hann og hlær en jatar svo líkt og innvígðum lundaveiðimanni ber að svona ferðir hafi alltaf forgang.

jse@frettabladid.is

„Í fyrsta skipti á ævinni duga átta tímar til að ná endum saman!“

Bókaðu strax!
Í fyrra komust færri að en vildu ...

Ríkey Garðarsdóttir lauk Skrifstofu- og rekstrarnámi hjá NTV síðastliðið haust. Hún fékk vinnu meðan á náminu stóð hjá Menntasviði Reykjavíkurborgar. Hún hætti í kjölfarið að vinna á kvöldin og um helgar eins og hún hafði gert um langan tíma og nýtur þess að vera meira með fjölskyldunni ...

ntv.is

Innritun og skráning í síma 544 4500 og á www.ntv.is



SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA Í VÍGAHUG Einar K. Guðfinnsson kann hvernig betur við sig en í Grímsey með háfinn. Hann dró svo upp hrefnukjöt úr nestisboxi sínu þegar hlé var gert á veiðum.

Skólavertið

Fyrstir koma fyrstir fá!



9 kr.

Reikningsbók A4



9 kr.

Stílabók A4



99 kr.

Skólasett



9 kr. /pk.

4 strokleður



www.odd.is

SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

▶ ALLT ÞAÐ BESTA Á EINUM STAÐ



UNITED LTV20L60

20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustigi: 450cd/m², stereó hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heymartól út, PC-inn, textavarpí, borðstandi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 54.990

FULLT VERÐ kr. 69.990

ÖRPUNNT
LCD



UNITED LTV27

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, HDTV Ready, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heymartólstengi að framan, mynd í mynd - 2 tunerar, textavarpí og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 99.990

FULLT VERÐ kr. 139.990



DIBOSS LT32S5LFH

HD ready

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 (WXGA) upplausn, Progressive Scan, Antireflex og Digital Comb Filter, HD Ready, 1000:1 skerpu og 8ms svartíma, (H/V): 170/170° sjónsviði og 500 cd/m² birtustigi, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), SVHS og RCA tengi, PC-inngangi (VGA), HDMI og Component tengi, Digital Coax, heymartólstengi, textavarpí, fjarstýringu og borðstandi.

TILBOÐ ▶ 119.990

FULLT VERÐ kr. 159.990

ASUS

▶ FARTÖLVUR

FLOTTAR Í SKÓLANN



ASUS A3HF-5A017P

**INTEL CELERON M420 ÖRGJÖRVI
DVD+/- DUAL LAYER SKRIFARI
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL**

- Intel Celeron M420 1.66GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 80GB 4200rpm harður diskur
- Intel 940GML Express skjákort
- 8x DVD +/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

KYNNINGARVERÐ

AÐEINS ▶ 99.990

FULLT VERÐ kr. 109.990



ASUS A6JC-Q032P

**INTEL SINGLE CORE T1300 ÖRGJÖRVI
DVD+/- DUAL LAYER SKRIFARI
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL**

- Intel Yonah Single Core T1300 1.66GHz örgjörvi
- 512MB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 80GB 4200rpm harður diskur
- 256MB NVIDIA GeForce Go 7300 skjákort
- 8x DVD +/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

KYNNINGARVERÐ

AÐEINS ▶ 129.990

FULLT VERÐ kr. 149.990



ASUS A8F-H001P

**INTEL SINGLE CORE T1300 ÖRGJÖRVI
DVD+/- DUAL LAYER SKRIFARI
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL**

- Intel Yonah Single Core T1300 1.66GHz örgjörvi
- 512MB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 80GB 4200rpm harður diskur
- 512MB Intel 945GM skjákort
- 8x DVD +/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Professional stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

KYNNINGARVERÐ

AÐEINS ▶ 139.990

FULLT VERÐ kr. 149.990



INNBYGGÐ
**TASKA
OG MÚS**
FYLGR ÖLLUM
FARTÖLVUM
VEFMYNDAVÉL

ASUS ▶ TRAUST OG HRAÐVIRK

**WINDOWS XP PROFESSIONAL
FYLGR ÖLLUM VÉLUNUM**

▶ ÚRVAL ▶ GÆÐI ▶ VERÐ



HD
ready

UNITED LTV37W60

37" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 800:1 skerpu og og 550 cd/m² birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, mynd í mynd (2 móttakarar), 2x8w Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ **169.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990



JVC

LT32S60

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m² birtu, 7ms svartíma, HD Ready, 20w RMS/BBE Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi (stýður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ **169.990**

FULLT VERÐ kr. 249.990

HD
ready



JVC

LT37S60

37" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m² birtu, 6ms svartíma, HD Ready, 20w RMS/BBE Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi (stýður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ **199.990**

FULLT VERÐ kr. 299.990

Mikið úrval **MINNISKORTA** og **LESARA** frá SanDisk - stærsta framleiðanda í heimi.



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borganesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetringa, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



skoðun

SJÓNARMÍÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Í fréttaflokkum af verslunarmannahelgi
breytast viðmið.

Hátíðahöld fóru vel fram

Umfjöllun fjölmíðla af samkomuhaldi um verslunarmannahelgi
ár hvert er athyglisverð. Fyrst er kynt undir spennuna í aðdrag-
anda helgarinnar með því að spá í veðrið, hvert straumurinn
ligger og þar fram eftir götunum. Á fimmtudegi og föstudegi fyrir
helgina taka svo við viðtöl við ungt fólk á leiðinni á hátíð. Þá er iðulega
mikið gert úr því hvað eigi að drekka mikið um helgina og stundum er
þetta fólk þegar orðið ölvað. Strax á föstudagskvöldi og af fullum
þunga á laugardegi hefst svo fréttaflokkur af slagsmálum, nauðg-
unum og skemmdarverkum en yfirleitt er þó klykkjút með staðhæf-
ingunni um að „að öðru leyti hafi allt farið vel fram“.

„Að öðru leyti fóru hátíðahöld vel fram.“ Þetta er áhugaverð stað-
hæfing og væri trúlega óviða annars staðar en á Íslandi eftir fyrstu
helgi ágústmánaðar höfðu um annan eins darráðardans eins og
verslunarmannahelgin er. Þarna hafa öll viðmið um hvað er í lagi og
hvað er ekki í lagi verið sveigð að þessum hátíðarhöldum sem þjóðin
virðist samþykka eins og þau eru. Á stundum tekur þessi sveigði
fréttaflokkur beinlínis á sig fyndnar myndir eins og þegar sagt er
að ekki hafi verið „teljandi ölvun“ á bindindismóti.

Vitanlega fara hátíðahöldin vel fram hjá meginþorra fólks. Sem
betur fer kemur mikill meirihluti heim ósár á sál og líkama utan ein-
hverra eftirkasta af áfengisneyslu.

Það er því fráleitt að fullyrða að hátíðahöld hafi farið
vel fram þar sem einni stúlku hefur verið nauðgað.

Það breytir því þó ekki að ein nauðgun er óviðunandi með öllu og á
aldrei að eiga sér stað. Sá atburður skilur eftir sig sár á sálu sem aldrei
gróa að fullu. Það er því fráleitt að fullyrða að hátíðahöld hafi farið vel
fram þar sem einni stúlku hefur verið nauðgað. Ein líkamsárás er líka
óviðunandi, ungur maður hlýtur áverka og verður í sumum tilvikum
aldrei samur. Hátíð þar sem einn maður er barinn hefur ekki farið vel
fram.

Skemmdir á eigum fólks eru annars eðlis. Engu að síður er óviðun-
andi að eigendur bifreiða sem er lagt utan við heimili fólks sitji uppi
með eignatjón eftir hátíðahöld sem annars „fóru vel fram“. Þá eru
ótaldir margir tugir fíkniefnamála og síðast en ekki síst sú aukna
hætta á umferðarslysum sem skapast í þessu gríðarlega umferðar-
álagi og bílstjórar sumir hverjir lúnir eftir helgina.

Frídagur verslunarmanna var hátíðisdagur verslunarmanna á sinni
tíð. Nú er þessi helgi orðin lengsta helgi sumarsins og mesta ferða-
helgi og líklega vinna engir meira en verslunarmenn um þessa helgi
ef frá er talinn sá mikli fjöldi sem sinnir löggæslustörfum og hugsan-
lega heilbrigðisstarfsmenn. Þeir sem græða eru seljendur vöru og
þjónusta, auk hátíðarhaldara, en tekjur af verslunarmannahelgi leggja
vissulega grunn að starfi einhverra íþrótt- og ungmennafélaga. Þeir
sem bera kostnað eru almennir borgarar vegna aukins álags á lög-
reglu (sem mótshaldarar greiða að vísu að hluta sums staðar), heilsu-
gæsla og sjúkrahús, auk þeirra óheppnu einstaklinga sem verða fyrir
skaða vegna skemmdarfýsnar fólks sem er að „skemmta“ sér.

Þá eru ótalin þau óþægindi sem almennir borgarar verða fyrir og
athyglisvert að heyra í fólki sem upplifir sig í herkví heima fyrir við
að verja eigur sínar fyrir ágangi hátíðargesta.

Spurning er hvort ekki sé mál að þessu líni.



FRÁ DEGI TIL DAGS		
<p>Sigur Rós á safni fyrir vestan Piltarnir í Sigur Rós komu við á safninu Melódíur minninganna hjá söngvaran-um Jóni Kr. Ólafssyni á Bíldudal þegar þeir voru á leiðinni í Selárdal í Arnarfirði fyrir skemmstu. Jón Kr. hefur safnað saman ýmsum munum á safninu sem varpa ljósi á tónlistarsögu landsins og því barst það í tal hvort kapparnir í Sigur Rós gætu ekki gefið safninu einhvern grip. Þótti þeim líklegt að brotinn gítar úr eigu þeirra gæti sómt sér vel þar og leist Jóni Kr. vel á það. Þegar Fréttablaðið spurði Jón Kr. hvort þetta væri gítar sem þeir hefðu brotið á tónleikum svaraði hann</p>	<p>af sínu alkunna hispursleysi, „nei, ætli þeir hafi ekki sest á hann á einhverju fylleríni.“ Þessi heimsókn er gott dæmi um það hvernig menningarlegt framtak íbúa á landsbyggðinni getur komið heima-byggðinni í brennidepil þegar svo ber undir.</p>	<p>þann vana á að ljúka brekkusöng með þjóðsöngnum, sem hann leikur í C-dúr svo allir geti sungið með. Kannski að það ætíð að breyta textanum í gamla Stúðmannalaginu og segja: „Það er eingin leið að hætta að syngja svona þjóðsöng í C.“</p>
<p>Syngja þjóðsöng í C-dúr Arni Johnsen söng brekkusöng á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í ár eins og hann hefur gert nær undantekningalaust í 30 ár. Hann sagði í viðtali við Fréttablaðið að það væri mögnuð stund þegar fólkið risi á fætur og syngi þjóðsönginn en Arni hefur</p>		<p>Guðslaun fyrir Skolla Hólmfríður Óskarsdóttir skellir ekki skollaeyrum við þegar neyð ber að en hún sendi vængbrotinn hrafn suður með flugi á eigin kostnað frá Vopnafirði til Reykjavíkur. Hrafninn, sem fljótlega fékk nafnið Skolli, fékk svo aðhlýningu í Fjölskyldu- og dýragarðinum. Ef hið fornkvæða reynist satt að guðslaun séu fyrir hrafninn þá er hún afar öfundsverð.</p> <p>js@frettabladid.is</p>

Ofurlaun – hvað er til ráða?

Fréttir af ofurlaunum forstjóra stórfyrirtækja og stjórnenda í fjármálaþyrriækjum hafa vakið hörð viðbrögð hjá almenningi. Þessar fréttir eru til marks um þá misskiptingu sem vaxið hefur hröðum skrefum í íslensku samfélagi í tíð núverandi ríkisstjórnar. Við höfum þróast frá frændum okkar á Norðurlöndunum og er nú svo komið að ójöfnuður á Íslandi er orðinn jafn mikill og í Bretlandi en þar mun hann vera mestur í Evrópu. Þetta er meira en íslenskt samfélag þolir og mun slíta í sundur fríðinn í samfélaginu ef ekki er spyrt við fótum.

Gamla höfuðsyndin

Rökinn sem færð eru fyrir ofurlaunum eru gjarnan þau að fyrirtækin starfi í alþjóðlegu umhverfi og þetta sé einfaldlega það verð sem þau verði að greiða til að vera samkeppnishæf um gott fólk. Ég gef lítið fyrir þessi rök. Þau eru málsvörn fólks sem vill ekki horfast í augu við að það sem býr að baki þessum ofurlaunum er gamla höfuðsyndin – græðgi. Í því efni eltir hver annan. Við hljótum hins vegar að krefjast síðræna viðhorfa af fyrirtækjum, efnafólki og þeim sem hagnast af hlutverkum sínum í samfélaginu.

Einstaklingarnir sem um ræðir eru eflaust flestir hverjir hæfileikaríkir, útsjónasamir og vel vinnandi. En það eru líka margir aðrir sem láta sér þó nægja talsvert minna endurgjald fyrir framlag sitt til samfélagsins.

Samfélagslegar skyldur fyrirtækja

Það heyrir æftar að það sé frumskylda fyrirtækjanna að skila sem mestum arði til eigna sinna. Sá forstjóri sem stendur sig best í því að hækka hlutbréfin í fyrirtækinu svo eigendur geti innleyst umtalsverðan gróða á stuttum tíma – sá forstjóri er talinn dýrmætastur og launum hans eru engin takmörk sett. Í umræðunni

Í DAG AUKIN MISSKIPTING Á ÍSLANDI

INGIBJÖRG SÓLRÚN
GÍSLADÓTTIR

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur ójöfnuður aukist verulega, ekki síst vegna þeirrar stefnu hennar að lækka skattbyrði hinna tekjuhæstu en þynja skattbyrðar þeirra sem lægri hafa tekjur. Andspænis þessum áherslum frjálshyggjunnar stillir Samfylkingin hugmyndum jafnaðarstefnunnar um réttlæti, sanngirni og ábyrgð manns á manni.

um kraftmikil fyrirtæki og stjórnendur í útrás vill gjarnan gleymast að það er samfélagið sem gerir þeim kleift að starfa og skapar þeim aðstæður. Markaðurinn – þar sem fyrirtæki kaupa og selja – virkar ekki ef hann er ekki í samskiptum við samfélag sitt og helstu stofnanir þess. Þess vegna bera fyrirtækin ríkar félagslegar skyldur.

Með samstilltu átaki verkalýðshreyfingar, samtaka atvinnulífings og stjórnsvalda má auka félagslega ábyrgð fyrirtækja verulega.

Lífeyrissjódir geta vísað veginn

Á síðasta þingi voru gerðar ýmsar lagabreytingar sem eiga að stuðla að betri stjórnarháttum og upplýsingagjöf fyrirtækja. Flest er það til bóta – sérstaklega fyrir hluthafa – en dregur þó athyglina að því hversu lítill gaumur er gefinn að öðrum þáttum s.s. hagsmunum starfsmanna, umhverfis og samfélags. Í

því efni geta lífeyrissjódir landsmanna gegnt lykilhlutverki.

árunum 1906 til 1908 en ekki formlega opnað fyrr en árið 1909. Helsti hvatamaður að byggingu hússins var Hannes Hafsteinn ráðherra, en í byggingarnefnd sátu auk hans meðal annars Guðmundur Björnsson landlæknir og Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, sem einnig hafði séð um byggingu Ölfusárbrúar. Daninn Johannes Magdahl Nielsen var arkitekt hússins en þó er skemmtileg staðreynd að hann kom aldrei til landsins til þess að fylgjast með eða stjórna byggingu þess, en það var Trésmíðafélagið Völundur sem sá um að reisa bygginguna. Utan á vegg hússins eru letuð nöfn átta merkra manna úr íslenskrí bókmenntasögu. Húsið var á sínum tíma reist fyrir Landsbókasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands en helsta markmið þess nú er að vera vettvangur til að kynna íslenska sögu og menningararf.

(Heimild: www.thjodmenning.is)



DRAUMAHÚSIÐ MITT: HEIMIR EYVINDARSON HLJÓMBORÐSLEIKARI

Hvítur kastali með stúdíói

Draumahús Heimis í Á móti sól er umkringt trjám og vötnum í Lúxemborg.

Það er Heimir Eyvindarson, tónmenntakennari og hljómborðsleikari í Á móti sól, sem lýsir fyrir okkur draumhúsinu sínu að þessu sinni.

„Ég er sennilega búinn að sjá það, þó ég hafi ekki sigtað það sérstaklega út. Það er í kringum Lúxemborg. Við spilum þar í vetur og keyrum aðeins um sveitina þar í kring. Þetta er til dæmis alveg briliant staður til að vera með fjölskyldu og rosalega fallegt og stutt í allar áttir. Svæðið heillaði okkur, sem og samfélag Íslendinga. Það er góð stemning á þessu svæði.“

Þarna er fullt af trjám og litlum vötnum og ég mundi vilja hús sem stæði við svona lítið vatn. Samt það grunnt að enginn gæti farið sér að voða í því. Svo væri löng heimreið að húsinu og allt væri þakið í trjám, maður mundi keyra í gegnum trjágöng.


Húsið sjálf væri hvítt í kastalastíl og mjög stórt. Nögu stórt til að ég geti haft stúdíó og heitan pott á efstu hæðinni. Svo er skilyrði að hafa vinnukonu, helst færeyska. Ég held að þær séu mjög duglegar og taki ekki mikil laun.“

Heimir á þrjú börn með konu sinni og segir því nauðsynlegt að hafa alls konar leiktæki á lóðinni. „Og góðan bílskúr fyrir tvo bíla. Svo er klárlega billjardborð einhvers staðar, ég er bara ekki búinn að staðsetja það. Og borðtennisborð líka.“

Heimir segir lítið að gera hjá sér þessa dagana, hann liggja bara heima og bíði eftir Magna. „Við erum að undirbúa plötu sem á að koma út fyrir júl. Við erum að verða búnir með allt sem við getum gert án hans,“ segir Heimir að lokum.



SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Fasteignasala hefur aukist á Akureyri síðustu vikur.

Sala eykst á Akureyri

Sala fasteigna á höfuðborgarsvæðinu hefur dregist mikið saman á undanförmum vikum en færst í aukana á Akureyri.

Alls seldust 465 fasteignir í síðasta mánuði á höfuðborgarsvæðinu. Þær voru hins vegar 600 í júní síðastliðnum og fækkunin milli mánaða nemur 22,5 prósentum. Annað er uppi á teningnum þegar horft er til Akureyrar. Þar seldist 41 fasteign í júlí en 25 í júní, þannig að þar jókst salan um hvorki meira né minna en 64 prósent.

Þegar tölur milli ára eru bornar saman kemur í ljós að dregið hefur úr fasteignasölu bæði norðan heiða og sunnan. Í fyrra seldust 725 eignir í júlí á höfuðborgarsvæðinu og mismunurinn milli ára er fækkun um tæplega 36 prósent. Á Akureyri voru sölurnar 88 í júlí í fyrra svo fækkunin nemur 53 prósentum. Fasteignaverðið hefur samt hækkað frá því í júlí í fyrra. Á höfuðborgarsvæðinu var meðalverð á hvern samning nú 25,6 milljónir á móti 23,5 milljónum í fyrra og á Akureyri var meðalverð nú 17,75 en í fyrra 14 milljónir.



Þetta gæti tekið tíma



Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25-49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

Voru eldri borgarar blektir?

UMRÆÐAN
ELDRÍ
BORGARAR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Mikil óánægja er nú með „samkomulag“ ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara um kjör eldri borgara. Málið hefur verið mikið rætt í fjölmiðlum, blöðum og á útvarpsstöðvunum, einkum á Útvarpi Sögu en mikill fjöldi fólks hringir alltaf í þá útvarpsstöð og segir álit sitt á málefnum líðandi stundar. Hafa allir, sem tjáð hafa sig um „sam-

komulagið“, undantekningarlaust verið mjög óánægðir með það. Eldri borgurum finnst eins og þeir hafi verið blektir. Þeir benda á, að hækkinin á lífeyri aldraðra sé nánast sú sama eða minni en ASÍ samdi um í júní og tilskilið var, að eldri borgarar fengju og því hafi ekkert komið út úr samkomulagi LEB og ríkisstjórnar til viðbótar varðandi hækkun á lífeyri. Aðeins 400 manns fá fullar bætur og skattur sé greiddur af þeim bótum. Sumir eldri borgarar sem hringt hafa í Útvarp Sögu segja, að þeir fái aðeins nokkrar krónur út úr „samkomulaginu“.

Hafði LEB ekkert umboð?

Eldri borgarar gagnrýna einnig harðlega að Landsamband eldri

borgara skuli hafa samið við ríkisstjórnina. Telja þeir að LEB hafi ekki haft neitt umboð til slíkra samninga. Landasamband eldri borgara hafi ekkert samningsumboð fyrir eldri borgara. Í Landsambandinu sé aðeins hluti eldri borgara og eldri borgarar yfirleitt hafi ekki gefið LEB neitt umboð til samninga.

Mennt eru mjög hissa á því, að Ólafur Ólafsson formaður LEB skuli hafa skrifað undir samkomulag við ríkisstjórnina, þar eð samkomulagið færi öldruðum sáralítið og hann hafi ekki haft umboð til að skrifa undir.

„Lofa“ mörg ár fram í tímann

Þá gagnrýna margir eldri borgarar, að ríkisstjórnin skuli gera „samkomulag“, sem gildi til margra ára

þegar ríkisstjórnin eigi aðeins eftir 10 mánuði af valdatímabili sínu. Telja menn það alveg út í hött að ríkisstjórnin sé að „lofa“ einhverjum aðgerðum í málefnum aldraðra langt fram í tímann. Nær hefði verið að ríkisstjórnin gerði meira á meðan hún er við völd.

Einar Árnason hagfræðingur eldri borgara hefur komið fram í fjölmiðlum og sagt, að „samkomulagið“ við eldri borgara sé ekkert samkomulag! Fulltrúar LEB hafi skrifað undir nefndarálit með fyrirvara og lýst yfir, að þetta væri aðeins fyrsta skref á langri göngu. En hvað sem ummælum Einars líður þá var „samkomulagið“ kynnt af forsætisráðherra í fjölmiðlum með miklum lúðrablæstri sem sam-

komulag. Og almenningur skildi það þannig, að um samkomulag væri að ræða. En spurningin er aðeins sú hvort fulltrúar LEB höfðu heimild til þess að skrifa undir plaggið. Ég óskaði eftir því áður en gengið var frá samkomulaginu, að ekki yrði skrifað undir og sagði sporin frá nóvember 2002 hræða. Þá var skrifað undir smánarsamninga, sem fulltrúar eldri borgara sáu eftir að hafa skrifað undir. Ólafur Ólafsson formaður er ekki heldur nú ánægður með „samningana“. En í viðtali við Mbl. segir hann, að fulltrúum Landssambands eldri borgara hafi verið stillt upp við vegg. Gefið hafi verið til kynna, að ef ekki yrði skrifað undir fengist ekkert!

AF NETINU

Fréttamenn langt leiddir

Sérkennilegt er, að lesa og heyra skoðanir Ragnars Aðalsteinssonar hrl. á því, hvernig stjórnsýsla er háttað. Lögregla sinnir að hans mati öryggisgæslu við Kárahnjúka vegna „skipana að sunnan“ og þjóðskjalavörður er beittur „þrýstingi að ofan“ þegar hann svarar óskum Ragnars um aðgang að skjölum í Þjóðskjalasafninu á annan veg en Ragnar vill. Að þessar stöðugu samsæriskenningar hæstaréttarlögmannsins eigi erindi í fjölmiðla segir einnig nokkuð um, hve langt fréttamenn eru leiddir í gúrkutíðinni og það jafnvel sömu daga og endalaust er unnt að segja vega-, flug- og veðurfréttir vegna verslunarmannahelgarinnar.

Björn Bjarnasson af bjorn.is

Úrskurður laganevndar fallinn

Úrskurður laganevndar Framsóknarflokksins í kæru Önnu Kristinsdóttur og Jónínu Bjartmarz vegna kjördæmisþingsins í vetur er loks kominn. Eins og einhverjir kunna að muna fóru þær stóllur mikinn í fjölmiðlum á sínum tíma og úthrópuðu mig og fleiri svindlara fyrir að láta það ekki yfir okkur ganga baráttulaust að láta henda öllum ungliðum úr stjórn kjördæmasambandsins. Úrskurðurinn féll á móti þeim í öllum atriðum sem er athyglisvert miðað við ítrekuð fjölmiðlaupphlaup vegna fundarins í vetur og vor þar sem þær komu fram sem sjálfskipaðir riddarar lýðræðisins. Þær sjálfar virðast sem sagt eftir allt saman ekki hafa sætt sig við lýðræðislega niðurstöðu fundarins heldur þvert á móti farið gegn félögum sínum í flokknum á opinberum vettvangi með ósönnum dylgjum. Vænti þess að flokksmenn hafi þessa framkomu þeirra í huga þegar kemur að því að velja fólk í trúnaðarstöður í flokknum á komandi misserum.

Haukur Logi Karlsson af mersol.blogspot.com

Íslensku krónuna á að skrá í gengi evrunnar

Ég man eftir umræðu um að Ísland eigi að taka upp evruna og jafnvel ganga í Evrópusambandið. Ég er alls ekki endilega fylgjandi því en það eru aðrir möguleikar í stöðunni. Hvað með að skrá íslensku krónuna á gengi evrunnar? Íslenska krónan yrði til að forminu til en við myndum losna við sveiflurnar. Sú hugmynd hljómar alltaf betur og betur í mín eyru. Með þeirri breytingu myndi íslenska ríkisstjórnin, íslensk sveitarfélög, íslensk fyrirtæki og íslenskur almenningur búa við stöðugara efnahagsástand. Gengið stöðugt, vextir stöðugir og verðbólgan stöðug. Með stöðugleikanum yrði jafnvel hægt að afnema vaxtabætur og verðtryggingu og minnka enn meira þann kostnað sem almenningur greiðir bönkunum. Minni álgöngur á íslensk heimili og fyrirtæki. Allir græða.

Kristrún Lind Birgisdóttir af tikin.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



SUMARTILBOÐ NISSAN
BORGAÐU MINNA FYRIR MEIRI LÚXUS

500.000 KR.
VERÐLÆKKUN!

Borgaðu minna fyrir meiri lúxus!

Vegna góðs stuðnings frá Nissan getum við nú í takmörkuðu magni boðið enn þá betra verð á Nissan X-Trail. Nissan X-Trail hefur hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar og þú einfaldlega finnur ekki betri kaup í dag á jeppa í sama stærðarflokki.

Ríkulegur staðalbúnaður

17" álfelgur, 4x4, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

- „Best“ – Fifth Gear
- „Best recreational 4x4“ – Auto Express
- „Best compact 4x4“ – What Car?
- „Best in class“ – Channel 4
- „Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Nissan X-Trail Sport
Verð aðeins 2.990.000 kr.

Verð áður ~~3.490.000 kr.~~

Önnur tilboð frá Nissan gilda ekki með þessu tilboði.

Ingvar Helgason		Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is		Opíó: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00	
Umboðsmenn um land allt	Akranesi 431 1376	Akureyri 464 7942	Höfn í Hornafirði 478 1990	Njardvík 421 8808	Reyðarfirði 474 1453

PETTA GERÐIST 8. ÁGÚST 1974

Nixon segir af sér embætti

Á þessum degi árið 1974 sagði repúblíkaninn Richard Nixon af sér sem forseti Bandaríkjanna vegna þáttar síns í Watergate-hneykslinu. Hinn 17. júní árið 1972 voru fimm menn handteknir fyrir að brjótast inn í Watergate-bygginguna í Washington, höfuðstövar Demókrataflokksins. Fimm-menningarnir, ásamt þeim W. Howard Hunt og G. Gordon Liddy, voru ákærðir fyrir innbrot og hleranir og réttarhöld hófust yfir þeim í janúar árið 1973.

Á þeim rúmu sex mánuðum sem liðu frá handtökunum neitaði Nixon því staðfastlega að hann eða nokkur úr hans liði hefði átt aðild að innbrotinu. Á meðan héldu fjölmiðlar, og þá sérstaklega The Washington Post, því gagnstæða fram. Blaðamennirnir Bob Woodward og Carl Bernstein fengu upplýsingar frá innherja sem

var kallaður „Deep Throat“. Það var ekki fyrr en á síðasta ári sem upp komst hver maðurinn var en það reyndist vera Mark Felt, aðstoðarforstjóri bandarísku alríkislögreglunnar á þessum tíma.



Fimm sakborninganna lýstu sig seka og tveir voru dæmdir af kvíðdómi og lýsti einn þeirra, James W. McCord, því yfir við réttarhöldin að forsetaembættið gerði allt sem það gæti til þess að leyna tengslum sínum við innbrotið. Þegar það var orðið ljóst að forsetinn hafði komið að málinu fór Nixon fram á að ný rannsókn yrði gerð.

Í apríl lýsti Nixon því yfir að hann tæki á sig ábyrgð vegna gjörða starfsmanna sinna og í desember lét hann af hendi hljóðupptökur frá skrifstofu sinni. Nixon sagði loks af sér í ágúst en þá var löngu ljóst að hann var víðriðinn málið.

MERKISATBURÐIR

- 1945 Bandaríkin, Sovétríkin, Bretland og Frakkland skrifa undir London-samkomulagið sem heimilaði Nürnberg-réttarhöldin.
- 1963 Lestarránið mikla er framið í Englandi þegar 15 rænningar stela 2,6 milljónum punda.
- 1969 Fræg mynd af Bítunum er tekin og síðar notuð á umslag plötunnar Abbey Road.
- 1988 Andrés prins og kona hans Sarah Ferguson eignast sitt fyrsta barn.
- 1992 Íslendingar lenda í fjórða sæti í handknattleik á Ólympíuleikunum í Barcelona en það er besti árangur íslensks landliðs á slíku móti.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÚTFARIR

13.00 Jóhann Magnús Guðmundsson, vélvirkur (frá Suðureyri við Súgandafjörð), Hjarðarhaga 30, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Nes Kirkju.

15.00 Elín Guðrún Gísladóttir, Sundlaugarvegi 28, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

AFMÆLI

Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) söngkona er 51 árs.

Mikael Torfason, rithöfundur og ritstjóri, er 32 ára.



ÞÓRHALLUR GUÐMUNDSSON Segir tímamótin hafa verið mjög skemmtilegan og lærdómsríkan og í starfinu hafi hann kynnt fjölmörgu fólki.



FALLEG FIÐRILDI Þrjú drottningarfiðrildi sjást hér flögra um í garði í Texas á dögnum en þau lifa einkum í Suðurríkjunum.

ÞÓRHALLUR GUÐMUNDSSON: HEFUR STÖRF Í ÚTVARPINU Á NÝ

Líf eftir þetta líf

Þórhallur miðill snýr aftur í útvarpið í kvöld þegar þáttur hans Lífsaugað hefur göngu sína á útvarpsstöðinni VOICE á Akureyri. Þórhallur hefur búið fyrir norðan síðastliðin átta ár og segir þá breytingu að flytja norður þá bestu sem hann hafi gert í lífinu.

„Ég er búinn að vera í kringum fimmtán ár í útvarpi, ég byrjaði fyrst á Bylgjunni í Sigtúni gamla,“ segir Þórhallur. „Ég gleymi því aldrei að fyrsti viðmælandi minn var séra Sigurjón Guðjónsson og við vorum að tala um guð og það komu innhringingar þar sem sumir voru ekkert sérstaklega hrifnir af því að guðsmaður skyldi vera með miðli í útvarpinu,“ segir Þórhallur og hlær.

„Skemmtilegasti þáttur sem ég hafði þarna var viðtal við Ladda þegar Vigdís Finnbogadóttir átti afmæli og þá óskaðu allar hans persónur Vigdís til hamingju og ég þurfti að beygja mig undir borðið því ég hló svo mikið,“

segir Þórhallur. Hann hefur lengst af starfað á Bylgjunni en færði sig um set og fór á FM um skeið.

Þættir Þórhalls voru í sjónvarpinu um tíma og aðspurður segist hann ekki hafa fundið fyrir miklum mun á því að starfa í sjónvarpi eða útvarpi. „Maður gat náttúrulega breytt ýmsu í sjónvarpinu en það er ekki hægt að klippa út eitt eða neitt í útvarpinu þannig að maður varð að láta slag standa með það sem maður var að segja,“ segir Þórhallur og hlær. „Þetta var mjög skemmtilegur tími og lærdómsríkur, maður er búinn að kynna mörgum og þetta voru oft mjög tilfinningaþrungnir þættir sem höfðu mikil áhrif á mig og hlustendur,“ segir Þórhallur og bætir við að könnun sem var gerð á meðan þáttunum stóð sýndi að fimmbúsund manns reyndu að ná inn í þáttinn eitt kvöldið.

Þórhallur var að vinna í Verslunarbbankanum þar til hann var lagður niður árið 1990 og sneri sér þá alfarið að

miðilsstörfum. Hann segir að fólk á öllum aldri og úr öllum stéttum leiti til sín og að hans starf sé að sanna að það sé líf eftir þetta líf.

Þegar Þórhallur er spurður að því hvort hann nái alltaf sambandi við fólkið að handan svarar hann því neitandi. „Ég segi það alltaf að hver fundur sé tilraun og ef ég næ ekki sambandi er ég bara heiðarlegur og segi bara fólkinu að koma aftur og reyna seinna, ég fer ekki að búa til eitthvað sem ég skynja ekki,“ segir Þórhallur.

Þórhallur segir að fólk fái miðils-hæfileikann í vöggugjöf en bætir við að í ættinni sinni sé mikill næmleiki og segir að í fjölskyldu sinni hafi það þótt vera hinn eðlilegasti hlutur að fara á miðilsfund. „Þetta hefur verið eðlilegasti þáttur í lífi manns og þegar maður fór inn í þessi mál sjálfur og fór að þjálfra sig upp í þessu fékk maður mikinn stuðning frá foreldrunum,“ segir Þórhallur að lokum.

Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útbara. Allhliða útfararþjónusta Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020 Útfararþjónustan ehf. Stofn 1990

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

+

Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu, Áslaugar Jónínu Einarsdóttir Goðabyggð 2, Akureyri,

sérstakar þakkir til formanns og félaga Íþróttafélagsins Þórs og lækna og hjúkrunarfólks lyfjadeildar FSA. Guð blessi ykkur öll.

Haraldur Helgason Inga Ólafía Haraldsdóttir Jón Gunnar Gunnlaugsson Helga Stefanía Haraldsdóttir Kjartan Kolbeinsson Bergljót Ása Haraldsdóttir Sveinn Guðmundsson ömmubörn og langömmubörn.

Kin Dae-Jung er rænt

Á þessum degi árið 1973 var stjórnmálamaninn Kim Dae-Jung rænt á hóteli í Tokyó af suður-kóresku leyniþjónustunni vegna gagnrýni hans á forsetann Park Chung-hee.

Bandaríski sendiherrann ræddi við Park forseta sem varð til þess að Kim bjargadist rétt áður en að honum var drekkt í Japanshaf.

Þrátt fyrir að lifa banatill-ræðið af var Kim bannað að skipta sér frekar af stjórnmálum og var dæmdur til

stjórnvöld buðu Kim hæli í Bandaríkjunum þar sem hann fékk starf við kennslu í Harvard.

Hann sneri heim árið 1985 og bauð sig fram í forsetakosningunum tvisvar en beið lægri hlut í bæði skiptin. Það var ekki fyrr en árið 1997 sem Kim tókst að vinna kosningarnar og verða forseti. Árið 2000 hlaut Kim Friðarverðlaun Nóbels fyrir baráttu sína fyrir lýðræði og sáttum á Kóreuskaganum.



LÍFIÐ Í SVEITINI Hundurinn Tara rekur flokk anda áfram en lengi hefur tíðkast að hundar reki áfram kindur.



85 ára afmæli Arnbjörg Sigurðardóttir er 85 ára í dag. Verður að heiman en vinir og ættingjar velkomnir í kaffi sunnudaginn 13. ágúst eftir kl. 14.00 að Akri við Hvolsvöll.



Nýtt tákni um gæði

Sóltíloð

Frábær sumarauki
Þér að kostnaðarlausu
Komdu núna



Ford Escape XLS 4x4 GPS Active
2,3i 5 dyra sjálfskiptur 153 hestöfl

Rataðu á Escape og þú nýtur þess að vera til

Ford Escape 4x4 GPS Active

Sóltíloð með aukahlutapakka*
2.990.000 kr.

Rekstrarleiga 53.200 kr. Bílasamningur 36.990 kr.

Hvar er húfan mín? Hvar er hettan mín?

Rataðu á Escape. Njóttu þess að vera til. Kaupu Ford Escape GPS Active. Garmin Nüvi 350 er meðfærilegt leiðsögutæki með snertiskjá sem fylgir með Escape GPS Active. Taktu tækið úr bílnum og gerðu það að leikfélaga eins og Escape. Leiktu þér með fjölskyldu og vinum í skemmtilegum ratleik út í náttúrunni. Feldu litlar gjafir og láttu hina finna. Eða langar þig kannski frekar að vita hvað klukkan er á Íslantilla golfvelli á Spáni akkurat núna eða gengið á dollarnum? Í leik eða alvöru? Finndu öruggan stað að vera á. Finndu rétta hótelið, besta pylsubarinn og bensinstöðina á Norðurlandi eða Disneylandi, Flórída. Bara hvar sem er. Farðu bestu leiðina til næsta áfangastaðar. Hvar eru söfnin, tjaldstæðin? Hvar eru veitingahúsin? Hvar eru skemmtistaðirnir? Þú ratar rétta leið á Escape GPS Active og Nüvi 350 sem talar við þig í leiðinni. Segir þér að beygja. Og svo passar Nüvi líka beint í vasann. Nüvi getur líka spilað fyrir þig og sýnt þér myndir! Rataðu á Ford Escape GPS Active. Getur allt, veit allt. Hvað með vitann á Dalatanga? Ertu með?



Sumarauki. Verðmæti 265.000 kr.

Þú færð aukalega í Ford Escape 4x4 GPS Active:

- Nüvi 350: eitt fullkornasta leiðsögutækið frá Garmin -með korti af Íslandi, Evrópu og Norður Ameríku
- Kælibox með rafmagnstengi, 14 lítra frá Tropicool
- Öflugt dráttarbeisli frá Ford
- Aurhlífar, framan og aftan, frá Ford
- Ford Escape-hlíðarmotta í skottið
- Rafmagnstengi í skott fyrir ferðasjónvarpið og kæliboxið

Og jeppinn tilbúinn með fullan tank af bensíni

Aftaðu þér
frekari upplýsinga
www.ford.is

Vertu á Ford 4x4 GPS Active í dag Nýttu þér sumartilboð á Ford jeppum



**Ford Escape XLS
4x4 GPS Active**
2,3i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltíloð 2.990.000 kr.
Bílasamningur 36.990 kr.
Rekstrarleiga 53.200 kr.
**Sumarauki GPS Active
Verðmæti 265.000 kr.**



**Ford Explorer XLT Sport
4x4 GPS Active**
4,0i V6 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltíloð 4.540.000 kr.
Bílasamningur 56.180 kr.
Rekstrarleiga 84.500 kr.
**Sumarauki GPS Active
Verðmæti 207.000 kr.**



**Ford Expedition Limited
4x4 GPS Active**
5,4i V8 8 manna sjálfskiptur*
Sóltíloð 5.990.000 kr.
Bílasamningur 74.125 kr.
Rekstrarleiga 109.200 kr.
**Sumarauki GPS Active
Verðmæti 635.000 kr.**

Komdu núna. Sóltíloð Brimborgar
gildir meðan birgðir endast.



Í spennandi bíltúr í Ford GT?

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðuðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

FORD GT

Smelltu á ford.is og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.

Sumarið er
í Brimborg



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukni er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendrar mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendrar mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborg er innihaldið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd er sölluða.

NÝTT&FERSKARA HÉR&NÚ



Ágúst og Þorbjörg

Ganga í það heilaga í Dómkirkjunni



Katrín Hermannsdóttir

Fljúgandi þula með kennaramenntun



Tinna Alavis

Heillast af einlægni og heiðarleika



KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA

STUÐ MILLI STRÍÐA Framboð og eftirspurn

TRYGGVI GUNNARSSON FÆR SAMVISKUBIT Í GÓÐU VEDRI.



Ég er Íslendingur og sem slíkur hefur mér verið innrætt ákveðið landlægt gildismat. Í samræmi við það var mér í æsku kennt var að fara út að leika mér ef veðrið var gott. Ég gerði það samviskusamlega. Þetta var í árdaga tölvubyltingarinnar og þrátt fyrir að ég væri einn af þeim fyrstu til að fá leikjatölvu lá hún ónotuð á blöðviðrisdögum. Ég fór heldur út í eina krónu með öllum krökkunum í götunni, spilaði fótbolta þar til svo dimmt var að boltinn sást ekki, stillti upp stórorustum í

sandkassanum með tindátum og lét svo sprengjunum (steinum) rigna þangað til mamma kallaði mig inn að sofa.

Ég bý ennþá að þessari arfleifð. Í hvert einasta skipti sem lægir á kvöldin og veðrið verður blítt fæ ég óheyrliga þörf fyrir að fara út. Ég hef ekkert að gera úti. Ég er jafnvel búinn að hamast úti allan daginn og er orðinn örþreyttur og þarf að mæta snemma í vinnuna daginn eftir. Samt sem áður nagar samviskubitið mig ef ég fer ekki út. Góða veðrið skal nýta því það kemur svo sjaldan.

Þetta er vist afskaplega íslenskt. Varla finnst sá maður héraendis sem ekki fær samviskubit ef hann hangir inni að nauð-

synjalausu ef sólin skín. Sólskin er munaðarvara og hiti upp á 15 stig er eins og sólmyrkvi í augum Íslendinga. Allir verða að komast út að fylgjast með fyrirbærinu. Margir vinnustaðir gefa sólarfrí, starfsfólk tekur sér lengri pásur og mótuneytin taka upp á því að grilla úti í hádeginu. Samfélagsgangverkið hægir á sér og hættir að hugsa um hagvöxt og snýr sér að brosfraðleiðslu.

Hagfræðingar myndu segja að þetta væri spurning um framboð og eftirspurn. Eftirspurn okkar eftir sumaryl og framboð veðurguðanna á heiðrikju. Eitthvað verður að breytast, því sem stendur annar framboðið hvergi nærri eftirspurn.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Drottningin er enn með brókarsótt

TÓNLIST

[UMFJÖLLUN]

Sóðakjafturnir Merrill Nisker, betur þekkt sem Peaches, snýr nú aftur eftir þriggja ára þögn með fleiri soravísur fyrir sjóarana sem veiða á næturklúbbum bæjarins. Hún hefur víst aldrei áður eytt jafn miklum seðlum í að gera plötu, enda seldust hinar tvær alveg sæmilega. Platan hljómar nú samt eins og hún hafi verið gerð í svefnherberginu heima hjá henni. Bæði vegna hljóm-gæðanna og textainnihaldsins.

Peaches hefur gert feril úr því að klæmast við hlustendur sína. Textarnir eru oft það ögrandi að það kæmi mér ekkert á óvart ef tónlist hennar væri algeng á strippstöðum um heim allan. Nú eru sex

ár liðin frá útgáfu fyrsta slagara hennar, Fuck the Pain Away. Peaches, sem er fyrrverandi grunnskólakennari, nálgast nú óþfluga fertugt og maður getur ekki annað en velt því fyrir sér hversu lengi hún nennir að standa í því að leika djammdrottningu með brókarsótt. Ef hún heldur þessum leik áfram er mögulegt að hún endi sem paródía af sjálfri sér.

Reyndar spilar hún lítið út á útlitið. Ólíkt flestum öðrum tónlistarmönnum í dag gerir hún engar tilraunir til þess líta út eins og klámmyndastjarna í von um að vera meira aðlaðandi fyrir fjöldann. Hún gerir frekar í því að líta út eins og konan á stolna heimamyndbandinu sem rakar sig ekki undir höndun-

um. Eins og í tónlist hennar eru engar málemiðlanir gerðar þegar kemur að sjónrænu hliðinni. Hún nýtur þess að vega salt á því sem öðrum þykir síðsamlegt. Það eru kannski einhverjir búnir að gleyma því, en um það snerist rokkið í gamla daga, fyrir daga Rock Star Supernova. Peaches brýtur reglur og gengur eins langt og hún mögulega getur, og þess vegna er hún stjarna. Rokkstjórnur hafa ekki þolinmæði í að „sækja um vinnu“ í nokkurra vikna vinsældakeppni í beinni útsendingu. Hversu lengi haldið þið að Kurt Cobain eða Jim Morrison hefðu enst í slíku rugli?

Það er ekkert á þessari þriðju plötu sem lyftir Peaches á næsta plan sem tónlistarmanni. Þetta er

nákvæmlega sama formúla og á hinum tveimur plötunum. Standpínutaktar undir einföldum hljómborðs- og gítarlínum, með grófum textum um hinn eilífa dans typpa og píkna. Í öðru lagi reynir hún svo að sannfæra okkur um að það sé til fiskur í Atlantshafi sem heitir Slippery Dick.

Hér leynast svo nokkrir skotheldir poppslagarar, eins og Downtown og Two Guys (For Every Girl). Blygðunarlausar tilraunir til þess að komast í meginstraumsúvarp, með öllu saklausri textum sem Peaches gerir þó þokkafulla með frábærri tjáningu sinni. Óskrin í You Love It eru svo alveg geðveik! Þar er engu líkara en þúkinn sem læddist í Lindu Blair í The



PEACHES

IMPEACH MY BUSH

Niðurstaða: Þriðja breiðskífa elektrósorakjaftsins Peaches er svipuð og hinar tvær. Ögrandi, gripandi og stuðandi.

Exorcist hafi rennt sér inn í Peaches þann daginn í stúdóinu. Niðurstaða; enn og aftur skilar Peaches af sér frábærri partíplötu.

Birgir Örn Steinarsson



PUSSYCAT DOLLS Hafa vakið athygli í Bretlandi fyrir fiman límaburð og ágætis popplög.

Leitað að næstu kisu

Stúlknasveitin Pussycat Dolls hefur ákveðið að leita eftir nýjum meðlim í þætti sem ber hið frumlega nafn The Search for the Next Pussycat Doll. Sigurganga þessarar sveitar hófst árið 1995 þegar stúlkurnar voru einungis dansarar í myndböndum en á síðasta ári gáfu þær út lögina Don't Cha og Stckwitu sem bæði náðu hæstu hæðum í Bretlandi. Sigurvegarinn verður sjálfkrafa hluti af sveitinni en hún samanstendur af sex meðlimum sem hafa verið saman síðan 2003. Sveitin vakti fyrst athygli þegar hún bauð stórstjörnum á borð við Drew Barrymore, Charlize Theron og Nicoletta Sheridan að taka þátt í frekar erótískum dansýningum.



MERYL STREEP Mun verða rödd kvikmyndarinnar Hurricane on the Bayou sem frumsýnd verður í lok ágúst.

Streep talar um Katrínu

Meryl Streep mun verða þulur í nýrri heimildarmynd um fellibylinn Katrínu eftir leikstjóran Greg MacGillivray. Katrína olli gríðarlegum skemmdum í New Orleans og Louisiana-ríki og varð fjöldi fólks að bana. Myndin verður frumsýnd í New Orleans 29. ágúst en þá verður liðið ár frá því að hörmungarnar dundu yfir. Framleiðandinn Allen Toussaint, blúsarinn Tab Benouit og hin fjórtán ára gamla Amanda Shaw verða einnig í myndinni. Reiknað er með að myndin verði síðan frumsýnd opinberlega um jólin.

Skólavörur á ótrúlegu verði

55% afsláttur

TILBOÐ 3.999 kr
Verð áður 8.999,-

55% afsláttur

TILBOÐ 3.999 kr
Verð áður 8.999,-

Vandaðar skólatöskur

- 22 lítra
- Bólstrað bak og bönd
- 2 festingar að framan
- Harður gúmmíbotn

Verð frá 333 kr

Mikið úrval af pennaveskjum

Gott verð 3.330 kr

Skólataska

Gott verð 765 kr

Sundpokar

Gildir til 10. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Sumarleg sönglög í kvöld



Kl. 10.00

Nú stendur yfir sýning á verkum norræna listamanna sem tilnefnd voru til Carnegie Art Awards verðlaunanna í ár. Sýningunni lýkur 20. ágúst.

Auður Gunnarsdóttir sópransöngkona og Andrej Hovrin píanóleikari flytja sönglög eftir Alban Berg, Jean Sibelius, Edvard Grieg og Sergei Rachmaninoff á sumartónleikum Listasafns Sigurjóns í kvöld.

Auður Gunnarsdóttir stundaði nám í Söngskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og framhaldsnám í tónlistarháskólanum í Stuttgart en hún hefur komið fram í ótal óperuhúsum í Þýskalandi, meðal annars sungið hlutverk Pamínu í Töfraflautunni og Donnu Elvíru í Don Giovanni en hér heima hefur hún sungið hlutverk Mimiar



ANDREJ HOVRIN PÍANÓLEIKARI OG AUÐUR GUNNARSDÓTTIR SÓPRANSÖNGKONA Flytja tónlist um bjartar nætur.

í La Bohème og Greifynjunnar í Brúðkaupi Fígaró hjá Íslensku óperunni. Árið 1999 kom út geisladiskurinn „Íslenskir söngvar“ þar sem Jónas Ingimundarson leikur með henni á píanó.

Andrej Hovrin er af rússnesku bergi brotinn og nam píanóleik við tónlistarskólann í Samara en hann hélt síðar til framhaldsnáms í Stuttgart í Þýskandi þar sem hann sérhæfði sig í flutningi ljóðasöngs. Andrej hefur komið víða fram sem einleikari og kammermúsík- og ljóðapíanóleikari, t.d. í Svíþjóð, Þýskalandi, Grikklandi og á Ítalíu Tónleikarnir hefjast kl. 20.30.

> Ekki missa af...

útravarsleikritinu **Tími nornanna** er byggt á spennusögu **Árna Þórarinnssonar**. Einar blaðamaður lífnar við á öldum ljósvakans.

sumarsýningu Hafnarborgar, **Hin blíðu hraun**, þar sem myndlistarmenn úr ólíkum áttum vinna með hugmyndir um hraunið sem umlykur Hafnarfjörð. Sýningarstjóri er **Jón Proppé**.

listahátíðinni **Art Fart** sem hefst í næstu viku. Ungt og frumlegt listafólk sýnir hvað í því býr í húsakynnum **Ó. Jónsson & Kaaber**.

menning

menning@frettabladid.is

MR SKALLA GRÍMSSON
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi
Sýningar í ágúst og september

Laugardagur 19. ágúst kl. 20 örfá sæti laus
Sunnudagur 20. ágúst kl. 15
Sunnudagur 20. ágúst kl. 20 örfá sæti laus

Föstudagur 25. ágúst kl. 20 uppselt
Laugardagur 26. ágúst kl. 20 uppselt

Laugardagur 2. sept kl. 20
Sunnudagur 3. sept kl. 15
Sunnudagur 3. sept kl. 20

LEIKHÚSTILBOÐ
Tvíréttaður matur og miði
Frá kr. 4000 - 4800
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600
PANTÍÐ MÍÐA TÍMANLEGA

Footloose

17. ágúst - kl 20:00 - uppselt
18. ágúst - kl 20:00 - örfá sæti
24. ágúst - kl 20:00 - laus sæti
25. ágúst - kl 20:00 - laus sæti

Miðasala er í síma 558 8000
www.borgartickethus.is
www.mtinnatitlus.is/footloose

120 1886 2006



Landsbankinn

Máttarstöpli Menningarnætur

Menningarnótt 19. ágúst

Í Reykjavík er alltaf eitthvað sem er nýjasta nýtt!

REYKJAVÍK.COM

Áðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!

Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!

Miðasala er þegar hafin!

Laugardaginn	12. ágúst	kl. 20:00
Föstudaginn	18. ágúst	kl. 20:00
Laugardaginn	19. ágúst	kl. 20:00
Laugardaginn	26. ágúst	kl. 19:00
Laugardaginn	26. ágúst	kl. 22:00

ÁÞAKINU LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is // Austurbæjarbíó - Snorrabraut 37

Penetrator

Miðar í síma 6990913
Sýnt í Grandagörðum 8

vermoringjar.blogspot.com

Glasilegur Penetrator **** -DV
Hvergi að finna veitkan punkt -Mbl.
Sýning*sem enginn setti að missa af -Frbl.

Fimmtudaginn 10/8
Þriðjudaginn 15/8
Miðvikudaginn 16/8
Sunnudaginn 20/8
síðustu sýningar.

Myndar íslensku hörkuna og blíðuna

Martin Santander er argentínskur ljósmyndari sem ætlar að mynda íslensk andlit og kynna kvikunni í þjóðarsálinni.


Santander hefur haldið fjölda ljósmyndasýninga í virtum galleríum í París, Brussel og Barcelona og gefið út tvær ljósmyndabækur að auki og nú er komið að Íslandi. „Ég kom fyrst til Íslands árið 1986 þegar ég var á ferðalagi um Evrópu og Bandaríkinn og millenti hér. Þá var ég strax staðráðinn í að koma aftur og fanga það sem fyrir augun ber á mynd. Löngu síðar þegar ég bjó í Brussel eignaðist ég yndislegan íslenskan vin sem búsettur var í borginni í nokkur ár. Hann veitti mér innsýn í kynngimagnaða náttúru landins. Einnig benti hann mér á þau andstæðu öfl sem einkenna víst bæði, íslenskt umhverfi og þá skapgerð sem fólkið geymir, er landið byggir.“ Martin telur að innræti allra þjóða sé skilgetið afkvæmi umhverfisins. „Mér var sagt að náttúruöflin á Íslandi hefðu tvö andlit eins og fólkið. Hún er allt í senn hörð og blíð,“ útskýrir Martin.

Auðvelt að kynna fólki

Hann segist þegar hafa sannreynt þessa kenningu um persónuleika landans á fyrstu þremur dögum sem hann dvaldi hér. „Það er merkilegt hvað fólk virðist annað hvort furðulegt og fráhræft, eða opið og elskulegt. Eg vil þó ítreka að þeir sem tilheyra fyrrnefndu manngerðinni heyra til undantekninga, enda hafa langflestir tekið mér opnum örmum. Fjöldi fólks hefur jafnvel komið upp að mér á götum úti og tekið mig tali. Aðrir hafa vísað mér til vegar þegar ég villist um ranghala Reykjavíkurborgar og mér virðast Íslendingar almennt hlýir og kurteisir og að mínu viti er mjög auðvelt að kynna fólki hér eins og í Argentínu. Það sem ég merki hvað rammast í þeirri taug sem auðkennir íslenskt landfarfar er einurð og hreinskiptni. Menn segja það sem þeir meina og meina það sem þeir segja. Það er ómetanlegt í mannlegum samskiptum því smjauður og óheilindi eru tímaeyðsla fyrir alla.“

Áhugi á jaðarsamfélögum

Martin segir Reykjavík minna sig á borgina Ushuaia í Argentínu, en hún er syðsta borg veraldar. „Þegar maður heimsækir þennan stað er það eins og að koma á hjara verald-



ARGENTÍNSKI LJÓSMYNDARINN MARTIN SANTANDER „Íslensk náttúra er allt í senn hörð og blíð, eins og fólkið sem landið byggir.“


ar, dálítið eins og manni líður þegar hingað er komið. Landslagið er mjög sérstakt eins og á Íslandi og húsin í Ushuaia minna um margt á íslenskan byggingarstíl enda bjuggu Skandinávar á þessum stað í Argentínu um stund.“

„Ég hef mikinn áhuga á fólki, ástandi þess og aðstæðum eða hvað gerir fólk að því sem það er,“ segir Martin. „Kenningar samfélagshyggju höfða sterkt til mín, því ég trúir fremur á þátt samfélagsins í mótun einstaklinganna en að fólk fæðist með fullmótað eðli. Við komum fremur inn í þennan heim sem óskrifad blað og mótumst síðan af þeim aðstæðum sem við fæðumst inn í,“ áréttar Martin. „Ég hef ekki hvað síst áhuga á þeim sem almennt eru á jaðri samfélagsins eða búa í sam-síða heimum. Það er sem ljós-

myndaefni. Jaðarfólk hrærir við mér, vekur með mér forvitni og kveikir áhuga á kynnum af reynsluheimi þess. Það var meðal annars vegna þessa sem ég dróst að samfélagi fólks sem býr á brota-járnsökuhaugum rétt fyrir utan Brussel og gerði myndasýrpu af því í fyrria.“

Martin Santander mun ferðast um landið í 17 daga en hann kemur hingað í boði Flugleiða, er styrktur af Leica sem er heimsþekkt ljósmyndamerki og íslenska utan-ríkisráðuneytinu í Brussel. Hann kemur aftur til landsins í haust og síðan í nóvember til að ljúka verkefni sínu. Sýning á verkum verður haldin í Institut supérieur pour l'étude du langage plastique Brussels, frá desember 2006 til janúar 2007.

bryndisbjarna@frettabladid.is



ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.

FM957

Auglýsingasími: 550 5000

Miðar á Patti Smith

Miðasala á órafmagnaða tónleika rokkgyðjunnar Patti Smith og féлага hennar Lenny Kaye í Háskólabíói hinn 5. september hefst á fimmtudaginn í verslunum Skífunnar í Reykjavík og verslunum BT á Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum og á heimasíðunum midi.is og bravobravo.is.

Uppselt var á tónleika Patti Smith í fyrra og komust þar færri að en vildu en söngkonan og hljómsveit hennar gerðu stormandi lukku á skemmtistaðnum Nasa. Aðeins verða seldir 900 miðar í númeruð sæti í Háskólabíói og er því vissara er að tryggja sér sæti í tíma.

- kh



PATTI SMITH ÓRAFMEGNUM Í SEPTEMBER
Miðasalan hefst í vikunni.

Þjóðlög fyrir flautu og hörpu

Arna Kristín Einarsdóttir flautuleikari og Elísabet Waage hörpuleikari halda tónleika í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði annað kvöld kl. 20.30. Tónleikarnir eru liður í sumartónleikaröð Bláu kirkjunnar.

Þema tónleikanna er þjóðlög og sögur úr ýmsum áttum og frá ólíkum tímum. Ferðast er frá Spáni til Perú og Bretlandseyja og hoppað á milli bibliútíma til okkar daga. Leikin eru verk eftir Marin Marais, Marguerite Béclard d'Harcourt, Béla Bartók, John Marson, Bernard Andrés og Skaila Kanga.

Arna Kristín og Elísabet koma nú í fyrsta skipti fram sem dúett en báðar hafa þær langan tónlistarferil að baki og unnið saman í Sinfóníuhljómsveit Íslands.



ARNA KRISTÍN EINARSDÓTTIR OG HÖRPULEIKARINN ELÍASABET WAAGE Spila saman í fyrsta sinn á tónleikum á Seyðisfirði.



ÞORP MILLJÓNAFÉLAGSINS Í VIÐEY
Blómleg byggð var í Viðey á fyrri hluta síðustu aldar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Vapp í Viðey

Í kvöld mun Örlygur Hálfðanarson, bókaútfandi og Viðeyingur, stýra þriðjudagsgöngu í Viðey. Mun hann leiða gesti um æskuslóðir sínar í rústum þorps Milljónafélagsins á Sundbakka Viðeyjar sem stóð þar á árunum 1907-1943. Tæplega 140 manns bjuggu í þorpinu þegar mest var og var þar rekin mikil útgerð og var Viðeyjarbyggja ein umsvifamesta höfn landsins á tímum Milljónafélagsins.

Á göngunni verður að í skólahúsinu í Viðey þar sem gefur að líta ljósmyndasýningu um mannlíf í Viðey á fyrri hluta 20. aldar og líka í vatnstankinum sem nú er félagsheimili Viðeyingafélagsins. Í tankinum er sýning um strandkanadíska tundurspillisins Skeena sem við Viðey 1944.

Gangan hefst með siglingu úr Sundahöfn klukkan 19:00 og tekur gangan um tvær klukkustundir. Ferjutollur er 750 kr. fyrir fulloröna og 350 kr. fyrir börn en leiðsögnin sjálf er ókeypis.

MARKAÐURINN

**Sögurnar,
tölurnar,
fólkið.**

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU
ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

**allt
matur**

Alla föstudaga

**Okkar lands-
frægu skóladagar
eru hafnir!
8.-17. ágúst**

**Buxur + peysa, jakki, bolur eða skyrta
að eigin vali kr. 9.990.**

**Unglingastærdir
kr. 6.990.**

**Bolur að eigin
vali fylgir með
öllum sund og
stuttbuxum. 20 %
afsláttur af öllum
skóm á skóladögum!**



BRIM

Laugavegi & Kringlunni • Sími: 551 70 60
www.brim.is

Stórbrotinn endir á ferðalagi Sigur Rósar

Hljómsveitin Sigur Rós lauk tónleikaferðalagi sínu um landið með frábærum tónleikum í Ásbyrgi á föstudagskvöld. Um fjögur þúsund áheyrendur voru samankomnir á þessum fallega stað og er óhætt að fullyrða að þeir urðu ekki fyrir vonbrigðum. Veðrið var eins og best verður á kosið, um 20 stiga hiti var þegar tónleikarnir hófust. Sigur Rós lék í um tvo og hálfan tíma og að sögn viðstaddra jöfnuðust tónleikarnir fyllilega á við frábæra tónleika sveitarinnar á Miklatúni. Þetta voru síðustu tónleikar Sigur Rósar í bili en liðsmenn sveitarinnar hyggjast nú taka sér gott frí. Tónleikarnir í Ásbyrgi bundu endahnúttinn á tónleikaferðalag sem staðið hefur í heilt ár. Hljómsveitin lék alls á átta tónleikum hérlandis sem allir voru teknir upp fyrir væntanlega útgáfu á DVD-tónleikadiski.



MÖGNUM UPPLIFUN Tónleikar Sigur Rósar í Ásbyrgi á föstudagskvöld þóttu hreint út sagt stórbrotnir. Eins og sjá má var veður með besta móti og tónlist sveitarinnar naut sín vel á þessum fallega stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



STJÖRNUPARIÐ Húsið sem Angelina og Brad leigðu í Namibíu er nú til sölu.

Villa til sölu

Hús Brad Pitt og Angelinu Jolie í Namibíu er nú til sölu. Frægt varð þegar parið dvaldi í húsinu á meðan Angelina gekk með dóttur þeirra, Shiloh Nouvel. Húsið var þó ekki í eigu skötuþjúanna, heldur greiddu þau um 150 milljónir króna í leigu fyrir að dveljast þar í 80 daga. Húsið verður selt hæstbjóðanda.



OLIVER STONE Gagnrýnendur eru á báðum áttum um hvort nýjasta myndin hans, World Trade Center, sé góð eða léleg.

Misjafnir dómar

Kvikmyndin World Trade Center eftir Oliver Stone var frumsýnd í New York fyrir skömmu. Myndin segir frá tveimur lögregluþjónum sem taldir eru hafa verið þeir síðustu sem björguðust úr rjúkandi rústum Tvíburaturnanna. Með aðalhlutverkið fer Nicholas Cage en bæði John McLoughlin og William Jimeno sem myndin fjallar um voru mættir á frumsýninguna. Þeir hafa verið töluvert gagnrýndir af ekkjum annarra lögregluþjóna sem létu lífið í árásinni fyrir að vilja græða peninga á ógæfu annarra.

Gagnrýnandi Hollywood Reporter sagði myndina vera bæði hreina og beina sem þjónaði sögunni ákaflega vel og Variety hrósaði leikstjóranum fyrir að nálgast viðfangsefnið með mikilli virðingu. Hins vegar bætti gagnrýnandinn við að þrátt fyrir hjartnæm andartök væri World Trade Center frekar hæg og leiðinleg kvikmynd.



GESTIR Á ÖLLUM ALDRI Börn voru áberandi á meðal tónleikagesta í Ásbyrgi og heilmikil fjölskyldustemming myndaðist þar.



NOTALEG STEMNING Tónleikagestir létu fara vel um sig í Ásbyrgi.



EINSTAKUR STADUR Ásbyrgi passaði vel sem endapunktur á tónleikaferðalagi Sigur Rósar.



VEL MÆTT Um fjögur þúsund áhorfendur voru samankomnir í Ásbyrgi til að hlýða á Sigur Rós.

Innipúkar nutu sín á Nasa

Tónlistarhátíðin Innipúkinn var haldin á Nasa við Austurvöll um helgina. Stíf dagskrá var frá föstu-degi til sunnudags og fjöldi listamanna kom fram. Fjölmargir gestir skemmtu sér hið besta á hátíðinni, sem nú var haldin í fimmta sinn. Tónleikar Mugisons á sunnudagskvöldinu þóttu einna best heppnaðir en aðrar sveitir sem þóttu skara framúr voru Hjálmar og Jeff Who?



HRESSIR HJÁLMAR Ein af skemmtilegustu sveitum Innipúkans í ár var reggisveitin Hjálmar.



VEL MÆÐ Á NÓTUNUM Gestir á Nasa skemmtu sér almennt vel og klöppuðu fyrir listamönnum.



HÁPUNKTUR HÁTÍÐARINNAR Tónleikar Mugisons á sunnudagskvöldinu voru hreint út sagt frábærir og virtust gestir sammála um að hann hefði stolið senunni af erlendu listamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hafðu HENDURNAR þar sem löggan vill sjá þær



handfrjáls búnaður í bílinn

Car kit CK-7W

- * Bluetooth búnaður í bílinn
- * Svarhnappur, hátalari og hljóðnemi
- * Lækkar sjálfkrafa í hljómtækjum
- * Sjálfvirk tenging við síma

Þú færð handfrjálsan búnað í bílinn í Hátækni og hjá söluaðilum NOKIA.

NOKIA

SKÓLAVÖRUR

Páfagaukurinn fylgir ekki með!

GLÆNÝ VARA

Skólatöskur...

GLÆNÝ VARA

...pennaveski

GLÆNÝ VARA

...stílabækur

GLÆNÝ VARA

...og allt fyrir skólann!!!

Office **1** Superstore



Nýtt í bíó

THE SENTINEL Michael Douglas, Kiefer Sutherland, Eva Longoria, Kim Basinger. Sími 553 2075. MÖGNUD SPENNUMYND Í ANDA "24"

A PRAIRIE HOME COMPANION Frábær gamanmynd með Íslandsvininum John C. Reilly. Sími 551 9000. L

SILENT HILL X-FM 5.0

OVER THE HEDGE Sími 553 2075. MÖGNUD SPENNUMYND Í ANDA "24"

THE SENTINEL Sími 553 2075. MÖGNUD SPENNUMYND Í ANDA "24"

ALEX RIDER STORMBREAKER Sími 553 2075. MÖGNUD SPENNUMYND Í ANDA "24"

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

THE SENTINEL	kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 14 ÁRA
SYND Í LÚXUS	kl. 5.40, 8 og 10.20
SILENT HILL	kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA
OVER THE HEDGE ISL. TAL	kl. 3 og 5
OVER THE HEDGE ENSKT TAL	kl. 3, 5 og 8
STICK IT	kl. 3, 5.30, 8 og 10.20
CLICK	kl. 10 B.I. 10 ÁRA
RAUÐHETTA ISL. TAL	kl. 3

REGNBÖGINN Sími 551 9000

A PRAIRIE HOME COMPANION	kl. 5.45, 8 og 10.15
SILENT HILL	kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA
ULTRAVIOLET	kl. 5.20 B.I. 12 ÁRA
STORMBREAKER	kl. 6 og 8
CLICK	kl. 8 og 10.10 B.I. 10 ÁRA
DA VINCI CODE SÍB. SÝNINGAR	kl. 5 og 10 B.I. 14 ÁRA

Bongarbíó Sími 462 3500

THE SENTINEL	kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA
SILENT HILL SÍB. SÝNINGAR	kl. 10 B.I. 16 ÁRA
STORMBREAKER	kl. 8
STICK IT SÍB. SÝNINGAR	kl. 6

400 kr. í bíó! Gættu á allar sýningar í Regnbögnum myndir með myndi.

www.laugarasbio.is

LAUGARAS BÍÓ bara lúxus

Sími 553 2075

MICHAEL DOUGLAS KIEFER SUTHERLAND
EVA LONGORIA KIM BASINGER

MÖGNUD SPENNUMYND Í ANDA "24"

THE SENTINEL

ALEX RIDER STORMBREAKER

SYND KL. 3.40, 5.50, 8 OG 10.15 B.I. 14

SÝND KL. 4, 6, 8 OG 10

www.laugarasbio.is

SÝND KL. 4 OG 6 ISL. TAL

Í mál gegn æskuvini

Bruce Willis ætlar í mál við æskufélaga sinn vegna fjárkúgunar. Die Hard-stjarnan hefur höfðað mál gegn Bruce DiMattia þar sem sá síðarnefndi hótaði að skrifa bók um leikarann fengi hann ekki greidda 100 þúsund dollara og bíl.

Samkvæmt lögfræðingi Willis vann DiMattia hjá leikaranum í fjögur ár og stal á þeim tíma fjöldanum öllum af ljósmyndum og myndbandsupptökum. DiMattia var rekinn úr starfi og hótaði þá

að skrifa bók og birta myndirnar og myndbandsupptökurnar gengi Willis ekki að kröfum hans.

Willis, sem er um þessar mundir að fara að leika í fjórðu myndinni í Die Hard myndaröðinni, hefur farið fram á að eignum hans verði skilað aftur og að DiMattia borgi honum eina milljón dollara í skaðabætur.

BRUCE WILLIS Brúsi er harður í horn að taka og lætur ekki kúga af sér fé.



Blautt stríð í aðsigi

Sjónvarpsauglýsingar sem sýna hlaupandi strák eða stelpu flýjandi undan myndavélinni eins og í góðri hryllingsmynd hafa verið tíðir gestir á skjánum. Ekki kemur í ljós hvað er verið að auglýsa en heimasíða er gefin upp í lokin. Það er heimasíðan www.gegn-drepa.is. Við nánari skoðun á síðunni kemur í ljós að um er að ræða leik sem fer af stað á næstunni. Allt er þetta mjög leynilegt og stjórnandi og einráður dómari leiksins nefnir sig Herra X.

„Þetta er allt saman mjög leynilegt og við vitum mjög lítið um þetta. Lútum bara skipunum frá Hr. X,“ segir Karl Lúðvíksson, framleiðslustjóri hjá Spark ehf. sem sér um að útvega myndatökulið til að taka upp vatnsstríðið en síðan verða settir saman þættir sem verða sýndir á Skjá einum á næstunni í raunveruleikastíl. „Það hafa verið svona leikir í gangi á netinu en þetta er í fyrsta sinn sem slíkir þættir verða sýndir í sjónvarpi.“ Leikurinn gengur út á það að keppendur fá í hendurnar upplýsingar um einhvern ákveðinn einstakling. Sá einstaklingur er einnig keppandi í leiknum og á keppandinn að reyna að skjóta hann niður með vatnsblöðru eða vatnsbyssu. Ef það tekst er einstaklingurinn úr leik og keppandinn fær nýtt skotmark. Tuttugu keppendur fá að vera með og sá

KARL LÚÐVÍKSSON Framleiðslustjóri hjá Spark ehf. sem sér um framleiðslu þátta um leikinn sem sýndir verða á Skjá einum.



VOPNIN Vatnsblöðru- og vatnsbyssustríð verður á landinu á næstunni.

sem nær að koma öllum sínum skotmörkum úr leik stendur uppi sem sigurvegari. Verðlaunin eru ekki af verri endanum en sigurvegurinn fær

hálf milljón í hendurnar.

„Við erum nú þegar búnir að fá í hendurnar fjöldann allan af umsóknum frá fólki allt upp í fimmtugt en við áframsendum þær á Hr. X sem sér um að velja keppendur,“ segir Karl Lúðvíksson en hann vill lítið tjá sig um leikinn enda fá hann og aðrir á Spark ehf. bara skipanir daglega frá Hr. X og vita því lítið fram í tímann. ■



Sleit sambandinu með smáskilaboðum

Ofurfyrirsætan Jill Marie Gulseth er enn í sárum eftir að Kid Rock, unnusti hennar til þriggja mánaða, sagði henni upp með smáskilaboðum. Pamela Anderson og Kid Rock giftu sig sem kunnugt er á skútu við St. Tropez fyrir skömmu.

„Það er bæði sárt og erfitt að vera sagt upp með smáskilaboði,“ sagði Jill í samtali við blaðið In Touch. „Ég grét lengi á eftir og þurfti að leita huggunar hjá vinum og ættingjum. Það er ekki auðvelt að sjá þau dag eftir dag í fréttunum.“ Pam og Kid Rock tóku aftur saman í síðasta mánuði en þau voru par í skamma stund árið 2003.



KID ROCK OG PAMELA Kid Rock hætti með unnustu sinni með smáskilaboðum og giftist Pamelu nokkrum vikum seinna.

afsláttur

15-50% afsláttur

Gratíska smóðjan ehf. 0706

Opið virka daga kl. 10-18

Ondvegi

HÚSGAGNAVERSLUN
Síðumúla 20 | sími 568 8799

www.ondvegi.is / ondvegi@ondvegi.is

SAMBÍOIN MED CHRIS KLEIN ÚR "AMERICAN PIE" MYNDUNUM.

HANN HEFUR EINA LANGA HELGI TIL AÐ KENNA LITLA BRÓÐUR SÍNUM HVERNIG HÚKKA EIGI DÖMURNAR.

THE LONG WEEKEND
TVEIR BRÁÐUR, EN HELGI ENOIN MIÐ

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 VIP

THE LONG WEEKEND

OVER THE HEDGE *isl. tal*

OVER THE HEDGE *enskt. tal*

SUPERMAN RETURNS

THE BREAK UP

BÍLAR *isl. tal*

KL. 2-4-5-7-8-10-11 B.I. 12
KL. 2-5-8-11
KL. 6-15-8-10-11 B.I. 14
KL. 2-4-6 LEYFD
KL. 2 LEYFD
KL. 2-5-8-11 B.I. 10
KL. 8:15 LEYFD
KL. 1:45-4 LEYFD

***PIRATES OF THE CARIBBEAN 2**
KL. 5:15-8:15-11:15 B.I. 12
THE LONG WEEKEND KL. 6-8:15-10:15-11:15 B.I. 14
*OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 4-6 LEYFD
*OVER THE HEDGE *enskt. tal* KL. 8 LEYFD
BÍLAR *isl. tal* KL. 3:45 LEYFD

***SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ**

KEFLAVÍK

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 7-10 B.I. 12
THE LONG WEEKEND KL. 8-10 B.I. 14

AKUREYRI

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 KL. 6-9 B.I. 12
OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 6 LEYFD
OVER THE HEDGE *enskt. tal* KL. 8 LEYFD
SUPERMAN RETURNS KL. 10 B.I. 10

HALF LIGHT KL. 5:30-8-10:30 B.I. 16
SUPERMAN RETURNS KL. 5:30-8:30 B.I. 10
THE BREAK UP KL. 5:30-8 LEYFD

SAMBÍOIN SÍMI: 575-8900 www.sambioin.is HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

Ljósmyndin auglýsing fyrir kókaín

Leiknonan Kate Hudson er augljóslega kominn í stríð gegn ljósmyndum og gulu pressunni. Eins og Fréttablaðið greindi frá hótaði Hudson lögsóknunum gegn þeim ljósmyndara sem myndi smella mynd af syni hennar. Nú hefur hún lýst yfir vanþóknun sinni á birtingu mynda af Kate Moss að sniffa kókaín í breska blaðinu The Daily Mirror í september síðastliðnum. Moss missti í kjölfarið traust flestra tískufyrirtæki og hraktist til Bandaríkjanna þar sem hún tók mál sín föstum tökum. Þvert á spár tískuspekingar hefur Moss tekist að snúa dæminu við.



KATE MOSS Var gripin glóðvolg með kókaín í hljóðverinu hjá þáverandi kærasta sínum, Pete Doherty.



KATE HUDSON Hefur sagt myndbirtinguna á kókaíneyslu Kate Moss vera frábæra auglýsingu fyrir fíkniefnið.

Hudson heldur því fram að myndbirtingin stuðli að aukinni neyslu fíkniefna. „Engin kona getur klæðst tískuflíkum eins og hún, þetta er í raun alveg hrikalegt,“ sagði Hudson. „Þetta er hugsanlega það heimskulegasta sem The Daily Mirror gat gert,“ bætti Hudson við. „Myndin var eins og auglýsing fyrir kókaín: „Ef þú neytir þessa efnis lítur þú út svona“. Moss er algjörlega ómótstæðileg hvað sem hún gerir, hún er ótrúlega töff á þessum myndum,“ sagði Hudson.

J-Lo leikur ekki Sue Ellen

Jennifer Lopez mun ekki leika í fyrirhugaðri kvikmynd sem byggð verður á sápuóperunni um Ewing-fjölskylduna í Dallas. J. Lo átti að leika hina drykkfelldu Sue Ellen en John Travolta átti að leika eiginmann hennar, olíubaráinn JR Ewing.

„Jen mun ekki leika í Dallas,“ sagði Leslie Sloane Zelnick, talsmaður leik- og söngkonunnar, í samtali við blaðið Star en gaf ekki nánari útskýringu á því hver ástæðan væri.

Þær sögusagnir ganga nú fjöllum hærra í Hollywood að Jennifer sé ólétt og eftir að hún hætti við tónleikaferðalag um Evrópu og Asíu fékk sá orðrómur byr undir báða vængi.

Það hefur ekki gengið þrautalaust að ráða fólk til starfa í Dallas-myndina því Robert Luketic hætti við að taka við leikstýra myndinni. Hann bar fyrir sig listrænan ágreining við framleiðendur myndarinnar. Luketic og Lopez

unnu saman að myndinni Monster-In-Law.

Gurinder Chadha mun leikstýra Dallas en hann leikstýrði myndinni Bend It Like Beckham sem skaut Keiru Knightley upp á stjörnuhimininn.

Kvikmyndaframleiðendurnir standa því frammi fyrir nokkrum alvarlegum vanda því Sue Ellen var ein af burðarásunum í söguþræði hinna vinsælu þátta. Aðáendur þáttanna eru þó flestir mjög ánægðir með þessa ákvörðun Jennifer Lopez því fæstir þeirra gátu séð hana fyrir sér í þessu hlutverki.

JENNIFER LOPEZ Leikur ekki Sue Ellen í kvikmyndinni Dallas sem byggð verður á samnefndum sjónvarpsþáttum. Heyrst hefur að John Travolta muni leika J.R. Ewing.



Gleðilegar ræstingar – og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2006
Liprir ræstivagnar
frá Filmop

21.910 kr.

Arka 21 ræstivagninn

Ræstivagn fyrir gólfhrensun og afþurrkun með 28 lítra tvískiptri fötu og pressu, afþurrkunarfötum og statífi fyrir sorppoka.



8.793 kr.

Spider Max ræstivagninn

Nettur ræstivagn með 15 lítra tvískiptri fötu og pressu.



11.154 kr.

Fred ræstivagninn

Léttur en öflugur ræstivagn með tveimur 15 lítra fötum og pressu.



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is





Indriði hjá Lyn

Indriði Sigurðsson er nú til reynslu hjá norska liðinu Lyn en semji hann við liðið fer hann til Noregs frá KR án þess að spila leik fyrir Vesturbæjarfélagið sem hann samdi við á dögunum. Samningur hans við KR segir til um að hann megi fara frítt ef erlent félag býður honum samning.

sport
sport@frettabladid.is

KVENNALIÐ BREIÐABLIKS: LEIKUR SINN Fyrsta leik í Evrópukeppni félagsliða í dag

Stefnan er sett á að vinna riðilinn

Blikastúlkur eru nú í Austurríki þar sem þær taka þátt í Evrópukeppni félagsliða kvenna. Með þeim í riðli eru SV Neulengbach frá Austurríki, Newtownabbey frá Norður-Írlandi og SU 1^o Dezembro frá Portúgal. Fyrsti leikur Breiðabliks er í dag þegar stelpurnar mæta stöllum sínum frá Portúgal. Sigurvegari riðilsins kemst í aðra umferð en þar er einnig um riðla að ræða. Sú umferð fer fram um miðjan september. Guðmundur Magnússon, þjálfari Breiðabliks, telur fyrirfram að gestgjafarnir í SV Neulengbach séu sterkasti mótherjinnir í riðlinum. „Ef staða landsliða þessara þjóða er skoðuð eigum við þó góða möguleika á að komast áfram,“ sagði Guðmundur og bætti við að stefnt væri

að því vinna riðilinn og myndi Breiðablik þá meðal annars mæta Evrópumeisturum Frankfurt í öðrum riðli. Þetta er í annað sinn sem Breiðablik tekur þátt í Evrópukeppni félagsliða kvenna en keppnin fór fyrst fram árin 2001/2002. Þrátt fyrir það er þetta í þriðja sinn sem Breiðablik öðlast þátttökurétt en liðið tók ekki þátt haustið 2001 þar sem margir af bestu leikmönnum þess voru farnir erlendis til náms. „Við stefnum á að vinna riðilinn,“ sagði Ólína G. Viðarsdóttir, fyrirliði liðsins.



„Þetta verður stórskemmtilegt og stemningin er allt öðruvísi í þessum Evrópuleikjum heldur en þegar við erum að spila í deildinni heima,“ sagði Ólína. Leikurinn í dag verður klukkan 13:30 að íslenskum tíma en á fimmtudaginn komið að leik gegn heimastúlkum frá Austurríki og lokaleikur riðilsins er gegn Newtownabbey Strikers.

> Tap gegn Dönum

Bronsverðlaunin á Norðurlandamótinu í körfubolta runnu Íslandi úr greipum en liðið tapaði um helgina fyrir Dönum í lokaleik sínum á mótinu. Tapið var sárt því Danir skoruðu aðeins einu stigi meira en Íslendingar í leiknum en það dugði þeim til 82-81 stigs sigurs. Íslenska liðið hafði yfir lengst af í leiknum en Danir komust þrisvar sinnum einu stigi yfir, í síðasta sinn rétt áður en lokalaufan gall. Jakob Sigurðarson var stigahæstur Íslendinga með 19 stig, Hlynur Bæringsson skoraði 13 stig og Logi Gunnarsson, Helgi Magnússon, Sigurður Þorvaldsson og Páll Axel Vilbersson 8 stig hver. Svíar urðu Norðurlandameistarar eftir sigur á Fínum.



FAGNADI VEL Button var hæstánægður með sigur sinn. NORDICPHOTOS/AFP

Ungverski kappaksturinn:

Fyrsti sigur Jenson Button

FORMÚLA 1 Jenson Button hjá Honda varð fyrstur í kappakstrinum í Búdapest um helgina en þetta var hans fyrsti sigur í Formúlu 1. Fernando Alonso hjá Renault var lengi vel fremstur en bíll hans bílaði og sömuleiðis féll Michael Schumacher hjá Ferrari úr leik. Button ræsti fjórtándi á ráslínu en kom þrátt fyrir það fyrstur í mark og keyrði vel í erfiðum aðstæðum.

Annar varð Pedro de la Rosa á McLaren og þriðji Nick Heidfeld á BMW. Eftir keppni var bíll nýliðans Robert Kubica dæmdur ólöglegur og Schumacher færðist upp um eitt sæti. Hann fékk því eitt stig og munar nú tíu stigum á milli hans og Alonso sem er efstur í heildarstigakeppni öikumanna. Í keppni bílasmiða er Renault með 149 stig en Renault 143 stig. - egm



COLE Verður líklega orðinn samherji Arjen Robben í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ashley Cole:

Á leiðinni til Chelsea

FÓTBOLTI Vinstri bakvörðurinn Ashley Cole mun að öllum líkindum ganga í raðir Englandsmeistara Chelsea í vikunni en hann var ekki í leikmannahópi Arsenal sem fór til Króatíu í gær. Ef Cole hefði spilað með Arsenal gegn Dinamo Zagreb í forkeppni Meistaradeildarinnar mætti hann ekki spila í keppninni með öðru liði.

Líklegt er að Chelsea þurfti að reida fram 25 milljónir punda fyrir Cole en David Dein, varastjórnarformaður Arsenal, hefur viðurkennt að viðræður hafi átt sér stað á milli liðanna. Í fyrra var Chelsea sektað auk Jose Mourinho, stjóra liðsins, og Cole fyrir að tala ólöglega sín á milli um hugsanleg kaup á Engendingnum. - hph

Er í fótbolta til að skora mörk

Framherjinn Garðar Jóhannsson hefur verið valinn leikmaður 12. umferðar Landsbankadeildar karla. Hann skoraði þrennu í sínum fyrsta deildarleik með Val á dögunum en hann kom frá KR fyrir skömmu.

FÓTBOLTI Garðar Jóhannsson hefur hlotið uppreisn æru eftir nokkur möguleikar hjá KR í Vesturbænum. Á sínum tæpum fjórum árum þar skoraði hann fjögur mörk í 36 deildarleikjum en í síðustu viku gekk hann til liðs við Val til að fylla skarð nafna síns Gunnlaugssonar sem var seldur til Norrköping í sumar. Í sínum fyrsta deildarleik með Val, gegn ÍBV á mánudagskvöldið, skoraði hann þrennu í 5-0 stórsigri sinna manna. Þar áður hafði hann skorað í bikarleik með Val og því mörkin orðin fjögur í tveimur leikjum.

Garðar var haustið 2003 fenginn til KR en þá hafði hann skorað 28 mörk í 50 deildarleikjum með Stjörnunni, þar þrjú mörk í þrettán leikjum á sínu eina tímabili í efstu deild er Stjarnan lék þar árið 2000.

Á sínu fyrsta ári með KR gekk

honum nokkuð vel, hann lék fimmtán leiki og skoraði í þeim þrjú mörk en undir stjórn Willums Þórs Þórssonar varð KR Íslandsmeistari.

„Ég spilaði mikið hjá KR undir stjórn Willums og hann hefur ávallt haft mikla trú á mér. Ég þakka honum kærlega fyrir það,“ sagði Garðar við Fréttablaðið en Willum er núverandi þjálfari Vals og sá sem vildi fá Garðar frá KR-ingum nú. „Hann reyndi líka að fá mig til Vals fyrir tveimur árum áður en ég samdi aftur við KR.“

Garðar segir að Teitur Þórðarson, þjálfari KR, hafi leyft sér að fara þar sem hann reiknaði ekki með því að nota hann mikið það sem eftir lifði tímabilsins. „Hann var með mína hagsmuni í huga og ákvað ég bara í kjölfarið að stökkva á þetta tækifæri. Og ég sé ekki eftir því enda hefur mér verið tekið afar vel hjá Val og þetta hefur verið algjört ævintýri.“

Garðar missti alveg af tímabili árið 2004 vegna



GARÐAR JÓHANSSON Var í ham gegn ÍBV og skoraði þrennu. Var valinn leikmaður 12. umferðar af ífróttadeild Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

meiðsla og síðan þá hefur hann aðeins skorað eitt mark fyrir KR en hann kom við sögu í nýu leikjum með liðinu í sumar. Það hlýtur að gleðja gamlan markaskorara að finna taktinn á nýjan leik?

„Jú, vissulega. Maður er í þessu til að skora og vinna leiki. Þetta er auðvitað alveg frábært.“

Með sigrinum er Valur kominn í annað sæti Landsbankadeildarinnar en munurinn er sem fyrr lítill á milli annarra liða en FH, sem trónir á toppi deildarinnar með væna forystu. „Nú þurfum við fyrst og fremst að koma okkur aftur á jörðina og halda áfram að spila eins og við gerðum gegn ÍBV. Það eru enn sex leikir eftir en það

er reyndar ágætt að fá þetta frí sem nú er framundan þar sem ég fékk aðeins í náranum í leiknum og því hvíldinni feginn.“ Garðar tekur reyndar fram að það hafi verið hluti af samningi Vals og KR að hann spili ekki þann leik í sumar.

Í fyrra var Garðar orðaður við norska úrvalsdeildarliðið Lyn en ekkert meira varð úr því. Hann segir þó atvinnumennskuna ekki vera sérstaklega ofarlega í huga. „Fyrst og fremst vil ég standa mig með Val. En það má auðvitað alltaf skoða málin ef eitt-hvað skemmtilegt kemur upp á borðið.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Eiður Smári Guðjohnsen skoraði sitt annað mark fyrir Barcelona í gær:

Myndar sérstakt samband með Ronaldinho



MARKINU FAGNAÐ Eiður Smári fagnar marki sínu með besta knattspyrnumanni heims, Ronaldinho. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

FÓTBOLTI Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen skoraði eina mark Barcelona í 1-1 jafnteflisleik gegn mexíkóská liðinu Guadalajara í æfingaferð Börsunga um Bandaríkin sem nú stendur yfir. Eiður skoraði þar sitt annað mark í jafn mörgum leikjum en bæði komu eftir undirbúning Brasilíumansins Ronaldinho og virðast þeir félagar vera að finna sig vel saman.

„Ronaldinho er leikmaður sem lætur allt liðið spila betur. Maður þarf bara að hreyfa sig vel og á réttan hátt, þá má búast við því að fá boltann frá honum. Það er alls ekki erfitt að spila með Ronaldinho. Það er mjög ánægjulegt að ná að skora þar sem ég er framherji og stuðningsmennirnir búast við því að sjá mörk frá mér,“ sagði Eiður Smári eftir leikinn.

Ronaldinho tók svo í sama streng. „Eiður er mjög útsjónarsamur leikmaður og staðsetur sig mjög vel. Mér finnst frábært að spila með honum. Ég þekki hann ekki mjög vel enn sem komið er en við þekkjum hreyfingar og hugsanir hvors annars á augnaráðinu einu saman nú þegar. Þetta er fullkomin byrjun fyrir okkur,“ sagði Ronaldinho um Eið Smára Guðjohnsen en spænska deildin fer af stað hinn 27. ágúst. - hph



TEKUR GLEÐI SÍNA Á NÝ Crespo er nú kominn aftur í búning Inter. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Hernan Crespo:

Snýr aftur til Inter á Ítalíu

FÓTBOLTI Argentínumaðurinn Hernan Crespo er genginn í raðir Ítalíumeistara Inter á nýjan leik frá Chelsea, sem gæti nú þurft að kaupa sér einn sóknarmann til í sumar. Crespo hefur aldrei leynst ást sinni á Ítalíu en hann spilaði þar á árunum 1999 til 2003. Hann var síðan lánaður til AC Milan en spilaði á síðasta tímabili með Chelsea. Þrátt fyrir að standa sig með þrýði naut hann sín ekki á Englandi og fékk draum sinn uppfylltan með því að fara til Inter á ný. - hph

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

M12 ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 FÁ SÝN Á 2.465 KR.

MEISTARAEILD EVRÓPU

- STERKASTA DEILDIN



ENSKA ÚRVALSDEILDIN

- Á DIGITAL ÍSLANDI FRÁ 15. SEPTEMBER

digital island

STÆRSTU VIÐBURÐIRNIR

Íslensku nördarnir (hefst 31. ágúst)

Fyrstu leikir Eiðs Smára

Undankeppni EM 2008

Landsbankadeildin

Íslenska landsliðið

Enska landsliðið

Ensku bikarkeppnirnar

Enski samfélagsskjöldurinn

Evrópukeppni félagsliða

Enska 1. deildin

Copa America 2007

Stærstu golfmótin

Box

NFL

NBA, ofl.

SYN
besta sætið

1200 keppendur úr ýmsum áttum

Alls tóku 1200 strákar og stelpur þátt í Rey Cup-mótinu í Laugardal sem lauk 31. júlí. 83 lið tóku þátt í mótinu, meðal annars frá Norðurlöndunum og Englandi. Allir fóru glaðir heim eftir vel heppnað mót þar sem fjörið og skemmtunin var í fyrirrúmi, en myndirnar lýsa vel stemningunni sem ríkti á mótinu.



SÚR Á SVIP Þessi unga stúlka úr Þrótti var ekki ýkja ánægð á svipinn þegar ljósmyndara bar að garði en vinkonur hennar gerðu sitt besta til að hughreysta hana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



BARÁTTAN Hún var í hávegi höfð í skemmtilegum leik FH og Breiðabliks í þriðja flokki karla sem fór fram á Valbjarnarvelli.



ELTINGALEIKUR Þessi ungi Fjölismaður hleypur hér á eftir boltanum en hann klæddist vesti til að aðgreina sig frá andstæðingum sínum í ÍA.



HRESSAR Þessar stelpur úr Aftureldingu stilltu sér upp í myndatöku en Aftureldingarliðin stóðu sig vel á mótinu. Þau unnu bæði í þriðja flokki A-liða eftir stórsigur gegn Víking, 6-0 og fjórða flokki B-liða eftir 4-0 sigur á Val 2.



STUND MILLI STRÍÐA Leikmenn ÍA hvíla lúin bein á milli leikja á Rey-Cup mótinu þar sem oft var leikið mjög þétt.



TÆKLADUR Fjölismaður tæklar hér Skagamann í leik liðanna á sunnudeginum.



FYLGST MED ÚR MARKINU Markmaður Aftureldingar í leik gegn Þrótti.



GÓÐ TILÞRIF Ungur Skagamaður flýgur framhjá Fjölismanni sem gefur þó ekkert eftir en mörg glæsileg tilþrif saust hjá knattspyrnumönnum framtiðarinnar í Laugaralnum.



MARK! Ungur Þróttari skorar hér mark í leik gegn Fylki, án þess að Árbæingurinn ná að stöðva sóknarmanninn.



FYLGST MED AF ÁHUGA Fjölmargir foreldrar fylgdust að sjálfsögðu með börnum sínum á Rey-Cup mótinu.



INNKAÐ Þessi ungi Skagamaður tók langt tilhlaup og prumaði boltanum langt fram völinn úr innkasti á mótinu um síðustu helgi.



Verið velkomin í Veiðihornið

Frábærir tilboðspakkar

Alltaf meira úrval – Alltaf hagstætt verð – Alltaf opið



Simms Guide vöðlupakki.

Simms Classic Guide Gore-tex vöðlur. Einhverjar sterkustu vöðlurnar á markaðnum. Simms Guide leðurskór með filtbotni. **Fullt verð 52.800. Pakkatilboð aðeins 44.880 staðgreitt eða aðeins 4.250 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

Aðeins 4.250 á mánuði.



Simms Freestone vöðlupakki.

Simms Freestone öndunarvöðlur með 4ra laga Quadralam öndunarfilmu. Simms Freestone skór með filtbotni. **Fullt verð 34.800. Pakkatilboð aðeins 29.580 staðgreitt eða aðeins 2.852 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

Aðeins 2.852 á mánuði.



Sierra Blackwater vöðlupakki.

Sierra Blackwater Pro öndunarvöðlur. Niðsterkar vöðlur. Frábær reynsla. Vöðlutaska fylgir. Sierra vöðluskór með filtsóla. **Fullt verð 44.795. Pakkatilboð aðeins 37.900 staðgreitt eða aðeins 3.628 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

Aðeins 3.628 á mánuði.



Sierra MBQ vöðlupakki.

Sierra MBQ öndunarvöðlur. Gæði og gott verð. Sierra skór með filtsóla. **Fullt verð 28.990. Pakkatilboð aðeins 22.900 staðgreitt eða aðeins 2.246 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

Aðeins 2.246 á mánuði.



Aðeins 2.013 á mánuði.

Ron Thompson vöðlupakki.

Ron Thompson Crosswater neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. Ron Thompson Aquasafe jakki. Vatnsheldur með útöndun. **Fullt verð 23.990. Pakkatilboð aðeins 19.990 eða aðeins 2.013 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 2.168 á mánuði.

DAM vöðlupakki.

DAM neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. DAM veiðijakki. Vatnsheldur með góðri útöndun. Ripstop efni, stórir vasar og góð hetta. **Fullt verð 25.990. Pakkatilboð aðeins 21.990 staðgreitt eða aðeins 2.168 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum.



Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðihornið er opið alla daga vikunnar.

Já, líka á sunnudögum.

Vöðlutilboð Veiðihornsins eru líka á netinu veidihornid.is



ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„Hey you! Haircut! Where are you goin’?”

The French Connection frá 1971
Svar: Jimmy 'Popeye' Doyle úr

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR SKILUR EKKI LANGLÍFI RAUNVERULEIKAPÁTTA

Ekki ein sería í viðbót!

Ég var að horfa á lokabáttinn í fyrirsætubáttunum hennar Tyrú Banks í vikunni. Þetta var skemmtilegur þáttur enda vanalega öllu tjaldað til þegar um síðasta þátt er að ræða. Mér til mikillar undrunar var sýnishorn frá sjöttu seríunni um fyrirsæturarnar sem berjast um að verða næsta ofurfyrirseta Bandaríkjaána sýnd í lokin. Það er alveg með ólíkindum hvað raunveruleikaþættir reynast lífseigr.

Þættir á borð við Survivor, America's Next Topmodel, Bachelor og nú síðast Rockstar virðast aldrei neinn endi taka. Hver þáttaröðin kemur á fætur annari og virðist söguþráðurinn og fólkið verða útpynnari með tímanum. Maður er farinn að kunna söguþráðurinn og veit alveg nákvæmlega hvað gerist næst. Eins og Survivor, fyrsti raunveruleikaþátturinn sem sýndur var hér á landi og vakti mikla athygli og áhorf fyrst um sinn. Svo komu seríurnar ein á fætur annari og virðist ekkert lát vera á þessari vitleysu. Uppskriftin er alltaf sú sama þrátt fyrir mismunandi fólk



SURVIVOR Einn af fyrstu raunveruleikaþáttunum sem tröllirðu heiminum og er þrettánda þáttaröðin á leiðinni.

og maður veit að liðin sameinast eftir einhvern tíma og rullurnar sem kynnrinn segir kunna flestir utan að. Hvað er gaman við að horfa á þátt sem hefur verið sýndur 100 sinnum áður?

Þetta á við um alla ofangreinda þætti og velti ég upp þeirri spurningu til framleiðenda hvort þeir hafi aldrei heyrt um hugtakið að hætta á toppnum? Hvernig væri að koma með nýjar hugmyndir að skemmtilegum raunveruleikaþáttum? Þær hljóta að leynast úti um allt enda hafa kannanir sýnt að okkur mannfólkinu finnst skemmtilegast að horfa á alvöru fólk tak-

ast á við venjuleg viðfangsefni. Eitthvað sem við getum samsvarað okkur sjálfum og ætti því ekki að vera erfitt að fá nýjar hugmyndir á götum úti. Ég veit ekki með ykkur en persónulega hef ég ekki mikinn áhuga fyrir því að horfa á aðra seríu af glorsoltum strandaglópum keppast um fríðhelgi eða móðursjúkum stúlkukindum keppast um að fá rós frá einum og sama manninum.

20.10
Drama
GILMORE GIRLS

19.40
Gaman
SIMPSONS

20.30
Gaman
SUSHI TV

22.30
Gaman
LOVE MONKEY

19.40
Umræða
HRAFNAÞING

SIJÓNVARPIÐ

7.55 EM í frjálsum íþróttum 10.30 Hlé

2

6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Martha 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Sisters (7:7)

SIRKUS TV

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Brúðkaupsþátturinn Já (e)

NFS

7.00 Ísland í bítið 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

14.55 EM í frjálsum íþróttum 18.00 Tákn- málfréttir 18.10 EM í frjálsum íþróttum

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement (17:25) 13.30 Meistarinn 14.20 Numbers 15.05 Amazing Race 16.00 Shin Chan 16.25 Mr. Bean 16.45 He Man 17.10 Nornafélagið 17.35 Músti 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

16.20 The O.C. – lokabáttur (e) 17.15 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttfréttir/Veðurféttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttavíðtal. 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin 17.00 5fréttir 18.00 Íþróttir og veður

19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós

► 20.10 Mæðgurnar (22:22) (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistiútséð í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.

20.55 Kamtsjatkaskagi (Kamtjatka) Sænsk heimildamynd þar sem fylgt er í fótspor Stens Bergmans og Dagnýjar konu hans sem fóru í könnunarleiðangur til Kamtsjatkaskaga í Norðaustur-Rússlandi, við Beringshaf, fyrir 80 árum.

21.53 Kastljós – molar

22.00 Tiúfréttir

22.25 Lögmál Murphys (4:6) (Murphy's Law) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag

► 19.40 The Simpsons (5:22) (Simpson-fjölskyldan) Marge fellur fyrir módeli utan á klósettþappírnum sem veldur röð skemmtilegra atvika. Við fáum að heyra rödd Pauls Newman meðal leikara í þættinum.

20.05 The Apprentice (5:14) (Lærilingurinn)

20.50 Gone But Not Forgotten (2:2) (Horfinn en ekki gleymdur)

22.20 NCIS (5:24) (Glæpadeild sjóhersins) Yfirmaðurinn í sjóhernum er myrtur á hraðbraut og glæpadeild sjóhersins telur sig komna á spor morðingjans þegar í ljós kemur að fórnarlambið lífdi tvöföldu lífi.

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Twins (10:18) (e) (Sister's Keeper)

20.00 Seinfeld (12:22) (The Stall)

► 20.30 Sushi TV (9:10) Sushi TV er sprengihlæginlegur þáttur þar sem Japanir taka upp á alls kyns vitleysu. Allt það myndasta og furðulegasta sem þú finnur frá japönsku sjónvarpi er í þessum þáttum.

21.00 Bernie Mac (18:22) (Talk)

21.30 Invasion (19:22) (Son Also Rises) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst.

22.20 Falcon Beach (10:27) (e) (Papa Was A Rolling Stone)

19.00 Beverly Hills 90210

19.45 Melrose Place

20.30 Whose Wedding is it Anyway? Ný raunveruleikasæria þar sem fylgst er með fólkinu sem undirbýr brúðkaup ríka og fræga fólksins.

21.30 Brúðkaupsþátturinn Já

► 22.30 Love Monkey Tom hefur smá von um tækifæri til að kynna síðustu plötu Barbarian bræðra og umsoðn eftir Abby Powell gæti komið þeim áfram. Þegar rokkstjórnuhlífarni hjómsveitarinnar fer úr böndunum og Abby segir frá tilfinningum sínum til Toms verður hann að finna leið til þess að skemma ekki frama sinn og ástina.

18.30 Kvöldfréttir

19.00 Ísland í dag

► 19.40 Hrafnaping Ingva Hrafn Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

20.20 Brot úr fréttavakt
20.30 Örlagadagurinn (9:12) (Örlagadagurinn)

21.00 Fréttir

21.10 48 Hours (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringabáttur.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnaping Ingva Hrafn Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

23.20 Kastljós 23.50 Dagskrárlök

23.05 Eleventh Hour 0.15 Bones (B. börnum) 1.00 Unconditional Love 2.55 Federal Protection (Str. b. börnum) 4.25 NCIS (5:24) (B. börnum) 5.10 Fréttir og Ísland í dag 6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

23.10 Rescue Me (5:13) 23.55 Seinfeld (12:22)

23.20 Jay Leno 0.05 Law & Order – NÝTT! (e) 1.00 Rock Star: Supernova – tónleikarnir og kosningin 2.00 Beverly Hills 90210 (e) 2.45 Melrose Place (e) 3.30 Óstöðvandi tónlist

23.10 Kvöldfréttir 0.10 Fréttavaktin 3.10 Fréttavaktin 6.10 Hrafnaping

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Wakin' Up in Reno (Bönnuð börnum)
8.00 One True Thing 10.05 The John F. Kennedy Jr Story 12.00 Brown Sugar 14.00 One True Thing 16.05 The John F. Kennedy Jr Story 18.00 Brown Sugar 20.00 Wakin' Up in Reno (Helgarferð til Reno) Rómantísk gamanmynd. Aðalhlutverk: Billy Bob Thornton, Charlize Theron, Patrick Swayze, Natasha Richardson. Leikstjóri: Jordan Brady. 2002. Bönnuð börnum. 22.00 House of Sand and Fog (Hús byggt á sandi) Ameríski draumurinn

er krufinn á miskunnarlausan hátt í þessari margrómuðu verðlaunamynd. Aðalhlutverk: Ben Kingsley, Jennifer Connelly, Ron Eldard. Leikstjóri: Vadim Perelman. 2003. Bönnuð börnum. 0.05 21 Grams (Stranglega bönnuð börnum) 2.05 Impostor (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 House of Sand and Fog (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 Child Star Confidential 13.30 10 Ways 14.00 E! Entertainment Specials 15.00 50 Most Shocking Celebrity Confessions 17.00 Girls of the Playboy Mansion 17.30 Girls of the Playboy Mansion 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 THS Tyra Banks 20.00 101 Most Starlicious Makeovers 21.00 Wild On Tara 21.30 Wild On Tara 22.00 Dr. 90210 23.00 Girls of the Playboy Mansion 23.30 Girls of the Playboy Mansion 0.00 THS Tyra Banks 1.00 101 Most Starlicious Makeovers

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun

Einstök þægindi

Fallegir litir

5 stjörnu NCAP öryggi

Einstaklega sparneytinn

Hlaðinn staðalþúnaði

3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalan

kr. 24.564 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

RENAULT MEGANE II SALOON

Nú fáanlegur með 1500dci díselvél



Renault Megane II Saloon, 4 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskíptur.

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílafralemurum.

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Dynamo Zagreb-Arsenal

Sýn kl. 18.55

Átökin að byrja

Knattspyrnuverðingin á meginlandi Evrópu fer senn að hefjast og hafa liðin verið að undirbúa sig af kappi að undanfögnu. Nú er hins vegar komið að alvörðunni því í kvöld er komið að forkeppni Meistaradeildarinnar en liðin sem fara með sigur af hölmum í þessari umferð tryggja sér sæti í hinni peningamiklu Evrópukeppni. Leikurinn sem sýndur er í kvöld verður viðureign Dynamo Zagreb frá Króatíu gegn Arsenal en síðarnefnda liðið náði alla leið í úrslitaviður-eignina í fyrra þar sem það beið lægri hlut gegn Barcelona. Arsenal-menn ætla sér því stóra hluti í ár til þess að hefna fyrir ófarirnar í fyrra en þeir skulu þó ekki vanmeta Króatanana enda hafa Króatar oft og mörgum sinnum sýnt hvers þeir eru megnugir á knattspyrnuvællinum. Leikurinn fer fram í Zagreb en seinni leikurinn verður háður að viku liðinni.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

7	2	4	3	5	9	8	1	6
9	3	8	6	1	4	7	5	2
5	1	6	7	8	2	4	3	9
3	4	5	8	9	1	2	6	7
6	9	7	5	2	3	1	8	4
2	8	1	4	7	6	5	9	3
8	7	9	2	3	5	6	4	1
1	6	2	9	4	8	3	7	5
4	5	3	1	6	7	9	2	8

	7			6		1	4	
3						1		9
		6				7		
		6		4				5
		2				6		
7		9		5				
		9				8		
2			3					1
	5	4		8			3	

21.00
Golf
KB-BANKA MÓTARÖÐIN



18.00 Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

- 18.30** Kóngur um stund (5:16)
- 18.55** Meistaradeild Evrópu 2006 – forkeppni 3. umferð Meistaradeild Evrópu 2006/2007 er hafin. Útsending frá leik í forkeppninni.
- 21.00** KB banka mótaröðin í golfi 2006 Þáttur um Íslandsmótið í holukeppni sem haldið var í byrjun mánaðarins á Grafarholtsvelli. Ottó Sigurðsson úr GKG og Ragnhildur Sigurðardóttir sigruðu á síðasta ári. Í holukeppni er leikið maður gegn manni með útsláttarformi þar til einn kyllingur stendur eftir en keppt er í karla og kvennaflokki.
- 22.00** World's Strongest Man 1985

23.00 Ensku mörkin 2006-2007 **23.30** Meistaradeild Evrópu 2006 – forkeppni 3. umferð

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútlit **13.00** Sakamálaaleikritið: Tími

normarinnar **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpsagan **14.30** Hengirúm og himinblámi **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Viðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Övissuferð – allir velkomnir **21.10** Ást í bókmenntum **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.00** Eiginkonur gömlu meistaranna **23.40** Um lágnættið

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunútlit Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

12.03 Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútlit

18.00 Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

BYLJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bituð **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalahádeggi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis


18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bituð í bænum
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

ÚTSALAN ER HAFIN

20%-50%



opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 HÚSGÖGN
 bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is

KORTERIS



HRÓSIÐ

... fær Árni Johnsen fyrir að stjórna Brekkusöng á Þjóðhátíð í Þrjú áratugi.

1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
11	12	13	14	15
16	17	18	19	20
21	22	23	24	25

LÁRÉTT

2 fyrirhöfn 6 í röð 8 rá 9 ósigur 11 sælgæti 12 teygjudýr 14 hani 16 nafnorð 17 forskeyti 18 tunna 20 tveir eins 21 þekking leið.

LÖÐRÉTT

1 selur 3 fyrirtæki 4 dagatal 5 óhreind 7 skammtun 10 samstæða 13 loftþrústíning 15 æfa 16 lík 19 bardagi.

LAUSN

LÖBÉTTI: 1 urta, 3 ms, 4 almanak, 5 rað, 18 áma, 20 kl, 21 rata. LÁRÉTT: 2 ómak, 6 rs, 8 slá, 9 tap, 11 tóka, 16 nár, 19 at.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Upplýsingar í síma 590 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Lotto
Vinningstölur laugardaginn 5.8.2006

14 24 25 34 35

Tvöfaldur
1. vinningur næsta laugardag

Bónustala 1

Jóker
Jóker 5 3 5 9 5
1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA
LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 2.8.2006

Adaltölur
1 20 21 41 44 45

Bónustölur Ófirtala
9 19 5

Tvöfaldur
1. vinningur næsta laugardag

Jóker
Jóker 9 2 9 4 1
1. vinningur gekk ekki út

Logi ágætlega sáttur við skeggið

Fréttamaðurinn Logi Bergmann Eiðsson sneri aftur á skjáinn í síðustu viku eftir að honum og eigin-konunni Svanhildi Hólm fæddist dóttir fyrir skemmstu. Talsverða athygli vakti að Logi Bergmann skartaði myndarlegu alskeggi þegar hann las fréttirnar á NFS, en hann hefur hingað til jafnan verið snyrtilega rakaður.

„Ég hef aldrei áður farið í svona langt frí. Þegar ég er í frí nenni ég ekki að raka mig og þegar ég kom til baka ákvað ég að leyfa þessu að standa,“ sagði Logi Bergmann þegar Fréttablaðið náði tali af honum fyrir helgi. Þessi umskipti á útliti Loga hafa talsvert verið milli tannanna á fólki um helgina enda ekkert lítið

mál þegar heimilisgestir upp á hvert kvöld breyta svona til. Viðbrögðin við þessum óvænta skeggvexti Loga hafa um margt minnt á það þegar Bogi Ágústsson, fréttastjóri á Sjóvarpinu, skipti um hárgreiðslu fyrir skemmstu eftir hafa í áraradír skartað sömu greiðslunni.

„Viðbrögðin hafa verið alla vega,“ segir Logi Bergmann. „Ég veit eiginlega ekki hvort ég ætla að halda skegginu, ég þarf bara að gera það upp við mig. Vinnufélagarnir hafa látið í ljós mjög sterkar skoðanir og flestir hafa verið mjög jákvæðir. Ég er í það minnsta ágætlega sáttur við skeggið,“ segir Logi Bergmann Eiðsson.

- hdm

FLOTTUR MED ALSKEGG Logi Bergmann Eiðsson fréttamaður kom flestum í opna skjöldu þegar hann sneri aftur á skjáinn í síðustu viku eftir nokkurt hlé. Kappinn skartaði glæsilegu alskeggi sem hann segist ágætlega sáttur við, þó skiptar skoðanir hafi verið meðal samstarfsmannanna.



HJÓNIN MAGNA OG ÞORKELL: SKREYTA HÚSIÐ Í MEXÍKÖNSKUM STÍL

Léttgeggjuð mamma og ungir listamenn

Á Skólabraut 35 á Akranesi er hús sem hefur vakið mikla athygli bæjarbúa enda óvenjulegt í meira lagi. Appelsínugult með grænum gluggum og rauðu þaki. Eigendur hússins eru hjónin Magna F. Birnir, forstöðumaður deildar gæðamála og innri endurskoðunar hjá Landspítalanum, og Þorkell Guðbrands-son, yfirlæknir á sjúkrahúsinu á Akranesi, en þau nýta húsið þegar vaktir Þorkels eru langar uppi á Skaga.

„Framkvæmdirnar hófust fyrir einu og hálfu ári en í fyrstu hélt fólk að við værum að mála það í tilefni írskra daga sem haldnir eru uppi á Skaga ár hvert,“ segir Magna. „Við höfum ekkert verið að leiðrétta það enda má fólk túlka þetta hvernig sem það vill,“ bætir hún við en til gamans má geta þess að barnabarn þeirra Mögnu og Þorkels, Þula Glóð, var valið „rauðhærðasti ungi Íslendingurinn“ á írskum dögum í fyrra. „Þetta er bara svona þegar tveir listamenn eru á heimilinu og mamma er léttgeggjuð,“ útskýrir Magna og hlær en verkefnið er unnið í nánu samstarfi við dætur þeirra tvær sem báðar eru í listnámi. „Elsta dóttir okka, Jóhanna Helga, er í meistaranámi við Art institute of Chicago, og yngsta dóttirin, Birna Bryndís, stundar nám í grafískri hönnun við Lista-



HÚSIÐ FRÆGA „Erum ekkert að leiðrétta þann misskilning að húsið hafi verið málað í tilefni af írskum dögum,“ segir Magna.



ALLT Í SIXTIES-STÍL Magna tók mið af gamalli ljósakrónu sem skilinn var eftir.



SVEFNHERBERGID Er alveg ótrúlega sjarmerandi á sinn skemmtilega hátt.



MAGNA VIÐ GRAFFID Var yfir sig hrifinn af verki hinna ungu drengja sem óneitanlega setti sérstakan svip á húsið.

háskóla Íslands,“ segir Magna en auk þess hefur þriðja dóttirin, Friðrika Björg, samið barnasögu um húsið. „Heimilisfaðirinn nýtur þess síðan að fylgjast með okkur enda er hann mun jarðbundnari heldur en við, ekki jafn „crazy“,“ segir Magna og hlær. Inni í húsinu er síðan flest allt í sixties-stíl og segir Magna að hugmyndin að því sé komin frá gamalli ljósakrónu sem var skilin eftir þegar þau hjónin keyptu húsið.

Fyrir nokkru komu vinir Birnu úr Listaháskólanum og „gröfðu“

fallger myndir utan á húsið í mexíkönskum stíl. Athæfið vakti enn meiri athygli á húsinu og í fyrstu héldu nokkrir að þarna væru einhverjir óprúttir náungar að vinna skemmdarverk. „Aumingjans drengirnir þurftu að taka sér ansi góðan tíma í að sannfæra þá um að þeir væru listamenn en ekki glæpamenn,“ segir Magna og hlær en vildi ekki gefa upp nafn drengjanna. „Graffarar gefa aldrei upp nöfn sín heldur vilja láta þekkingu af verkum sínum,“ bætir hún við.

freyrgija@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarhátíðin Innipúkinn var vel sótt á Nasa um helgina. Hápunktur hátíðarinnar að flestra mati var þegar Mugison steig á stökk á sunnudagskvöldinu. Einn þeirra gesta sem varð vitni að tónleikum Mugisons var Óskarsverðlaunaleik- konan Cate Blanchett sem var stödd hér á landi með eiginmanni sínum, Andrew Upton. Blanchett leit við á Nasa snemma á sunnudagskvöldinu en fór svo á veitingastaðinn Við tjörnina og snæddi kvöldverð. Vera hennar þar vakti mikla athygli meðal annarra gesta og starfsfólks staðarins. Að máltíð lokinni sneru Blanchett og eiginmaður hennar aftur á Nasa og fylgdust með listamönnum á borð við Mugison og Ampop.



Tónleikar hinna goðsagnakenndu rokkseitar Television á sama stað á föstudagskvöldinu munu seint teljast með þeim eftirminnilegri. Það breytti því þó ekki að liðsmenn sveitarinnar nutu veru sinnar á Íslandi til hins ífrasta. Tom Verlaine, söngvari sveitarinnar, fór fram á það við komuna að honum væri bent á góða fornbókabúð. Það var auðsott mál og Verlaine var sendur í Bókavörðuna til Braga Kristjónssonar bóksala. Svo vel fór á með sagnarvanum og Braga og hans fólk að Verlaine eyddi heilum þremur klukkutímum í búðinni og fór hreint ekki tómhentur út.



Morgunþáturinn Capone fer aftur í loftið á X-FM í fyrramálið. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr í sumar var umsjónarmönnum þáttarinnar, þeim Andra Frey Viðarssyni og Búa Bendtsen, sagt upp störfum þrátt fyrir miklar vinsældir. Nú virðast fullar sættir hafa náðst milli þeirra og yfirmannsins Axels Axelssonar og Capone-menn setjast við hljóðnemana klukkan níu í fyrramálið.



- hdm

Bjöllukjöll Bjarkar til sýnis

Bjöllukjöllinn sem Björk Guðmundsdóttir klæddist í myndbandinu við lagið Who Is It, af plötunni Medúlla, er til sýnis í Gallerí Húmar og frægð/Smekkleysubúðinni Klapparstíg 25. Kjöllinn, sem er prýddur ótal mörgum bjöllum, er hannaður af Björk og hinum heimsfærga hönnuði Alexander McQueen.

„Það er mikið af munum úr nútíma dægurmenningu í Smekkleysubúðinni, þar á meðal þessi kjöll,“ segir Einar Örn Benediktsson.



Einár Örn Benediktsson

son. „Kjöllinn kom til landsins í byrjun árs en er nú til sýnis.“

Einar Örn segir að kjöllinn sé niðbungur og í raun þurfi ofurmenni eins og Björk til að bera hann. „Ég hef mátað hann og hann fór mér vel. En ég gat ekki haldið honum uppi - ég varð móður á því að vera í honum,“ segir Einar Örn.

BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR Björk klæddist kjólum í myndbandi við lagið Who Is It sem tekið var upp fyrir neðan Hjörleifshöfða.



BJÖLLUKJÖLLINN Er til sýnis í Gallerí Húmar og frægð.

ÚTSALA

23%
afsláttur



27"
LCD

HD
ready

99.995

ELFUNK LT 2710 HD

27" LCD háskerpusjónvarp. Upplausn 1366 X 768. Skerpa 800:1 Birta 500 cd/m2. Viðbragðstími 12ms. DVI tengi. 2 Scart tengi S-Video tengi. Nicam stereo. Mynd í mynd. Mynd við mynd Mynd og textavarp. Veggfesting fylgir

Rétt verð 129.995

33%
afsláttur



3.995

SCOTT SW6
MP-3 ferðatæki með
geislaspilara
og útvarpi
Rétt verð 5.995

33%
afsláttur



15"
LCD

Cengur
fyrir
12 og 220V

29.995

ROADSTAR LCD1560K

Rétt verð 44.995

15" LCD sjónvarp. Upplausn 1024 X 768. Birta 250cd/m2 Skerpa 500:1. Fjólkerfa. Allar aðgerðir á skjá. 200 stöðva minni. Textavarp. Scart tengi. Fullkomin fjarstýring

24%
afsláttur



20"

12.995

ELFUNK 2009

Rétt verð 16.995

20" Sjónvarp. Textavarp. Scart tengi Fullkomin fjarstýring

50%
afsláttur



STAFRÆN UPPTÖKUVÉL,
MYNDAVÉL OG MP-3 SPILARI

9.995

Rétt verð 19.995

AIPTEK DV8900

Allt að 10 Mega pixel ljósmyndir Minnsta Digital vél í heimi. Fjarstýring fyrir video og ljósmyndir. Upptökumöguleikar frá sjónvarpi og DVD. Hægt er að tengja vélina beint við prentara Night shot. Video stabilization. Multi-shot. Hægt er að setja hljóð með ljómyndum. Panorama myndir. Super Professional MP-3 spilari. 15 rása tónjafnari. 4 stero hljóðstillingar

50%
afsláttur



DVD
HLJÓM
TÆKI

9.995

SCOTT MDXi 62

Glæsileg hljómtæki með geislaspilara DVD spilara og útvarpi. Spilar: CD/CD-RCD-RW MP-3/DVD/DVD+R/DVD+RW/DVD-R/DVD-RW/MP-4/XVID JPEG Útvarp með 40 stöðva minni. USB tengi að framan Kortalesari sem les SD/MMC/MS. Dolby digital Magnari 2 x 15 wött RMS. Fullkomin fjarstýring

Rétt verð 19.995

20%
afsláttur



FM/MB/LB
spilar
DVD og CD

19.995

Rétt verð 24.995

Roadstar CD-942DVD
Bíltæki með CD og DVD spilara
Spilar öll svæði
FM/MB og LB RDS útvarp
Fjarstýring
Spilar: DVD/SVCD/VCD
MP-3/CD/CDRW/CDR/JPG

27%
afsláttur



32"
LCD

HD
ready

124.995

ELFUNK LT 3220 HD

32" LCD háskerpusjónvarp. Upplausn 1366 X 768. Skerpa 800:1 Birta 500 cd/m2. Viðbragðstími 12ms. DVI tengi. 2 Scart tengi S-Video tengi. Nicam stereo. Mynd í mynd. Mynd við mynd Mynd og textavarp. Veggfesting fylgir

Rétt verð 169.995

14%
afsláttur



29.995

Rétt verð 34.995

SCOTT DPXi 102
Ferða DVD spilari með 10" LCD skjá
Spilar: DivX/Xvid/MPEG4/DVD/DVD+R/DVD+RW
DVD-R/DVD-RW/JPEG. Dolby Digital. Audi/Video
útgangur. Coaxial Digital útgangur. 2 heyrnatólatengi
Heyrnatól fylgja. 12 volta snúra í bíl fylgir

20%
afsláttur



21"
með DVD
spilara

19.995

Rétt verð 24.995

ELFUNK 2124
21" Sjónvarp með DVD spilara
Textavarp. Tengir að framan
fyrir leikjatölvur og myndavélar
Spilar öll svæði. Scart tengi
Nicam stereo. Fullkomin fjarstýring

27%
afsláttur



42"
PLASMA

219.995

Rétt verð 299.995
ELFUNK LT4210HD
42" Háskerpu plasma sjónvarp. Upplausn 1024 X 768. Skerpa 6000:1 Birta 1200 CD/m2. HDMI tengi. PC inngangur 1280 X 768

33%
afsláttur



9.995

LAVA CRM-8410
Bíltæki með geislaspilara Spilar MP-3. 4X40 wött

www.radio.is

RADIÓBÆR

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133



BAKÞANKAR

PÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

Hold er mold

Einn góðan óveðursdag fyrir skömmu var því slegið upp í fyrirsoðni að stúlkubörn allt niður í sjö ára gömul væru með holda-far sitt á heilanum. Fram að því hefur slíkt þótt næstum eðlilegur hugsunarháttur kvenna almennt frá kynþroska en varla mikið yngri stúlkna.

LÍTIL lífseig hugmynd lúrir í bakþankanum um að hin útbreidda megrunarárátta kvenna gæti í heilbrigðara sólkerfi flokkast sem afleiðing andlegs ofbeldis. Sífelld er verið að berja því inn í hausinn á konum að þær séu ekki nógu mjóar og flottar. Fyrirmyndir um fullkominn líkama birtast í auglýsingum allra miðla og í öllum hreyfimyndum þar sem jafnvel örvæntingarfullar húsmæður eru hasarkroppar. Uss, það er bara krúttlegt að vera örvæntingarfull, svo lengi sem þú ert mjó.

MÍÐAÐ við að fyrirmyndirnar úr erlendum fjölmiðlum öðlast hið dýrlega útlit í gegnum ævilangt hungurverkföll, skurðaðgerðir og tæknibrellur er engin furða að dæmigerðri konu úr íslenskum raunveruleika skuli finnast hún koma illa út úr samanburðinum. Jafnvel þótt hún forgangsraði líkamsræktinni frammar á listann, borði bara lífrænt og sleppi bæði kolvetnum og rauðu kjöti. Markmiðinu verður seint náð. Hún verður aldrei alveg nógu mjó.

MEÐVITUND um ágæti líkama okkar, eins og þeir eru skapaðir hver með sínu móti, hlýtur að vera lykll að kvenfrelsi í einhverjum skilningi. Fram að fermingu og jafnvel lengur eru mæður sterkustu fyrirmyndir dætra sinna. Eilíf óánægja þeirra fyrrnefndu með holdafar sitt sendir þeim síðarnefndu kristalskýr skilaboð um leyfilega gagnrýni og sífelld niðurrif í eigin garð.

EFTIR að hafa látið teyma okkur í gegnum hin ýmsu tímabil hlýtur röðin bráðum að koma að dálitlum sveigjanleika. Hafandi verið mjúkar og hlýlegar, næst straujaðar, svo kvenlegar og þá drengjalegar, þykir nú best að kona sé eigi yfir þritugu, beri stór kúlubrjóst en sé samt alvarlega vannærð. Hafi þrýstnar varir, rakar og hálfopnar með æfðum stút, svipurinn lýsi losta og heimsku. Helmingur mannkyns er kvenkyns. Svo stórt hlutfall hlýtur að geta haft áhrif á þróun tískunnar. Eg treysti því að fljótlega verði móðins að vera aldraður, loðinn, lífrænt ræktaður og án gerviefna.

www.volkswagen.is

Splunkunýtt verð
1.998.000 kr.

Golf Trendline, 1.6 beinskiptur



Núna er rétti tíminn til að eignast nýjan Volkswagen Golf. Gæðin og glæsileikann þekkja allir en verðið kemur skemmtilega á óvart. Komdu og reynsluaktu og nýttu þér þetta einstaka tækifæri.

Gerðu bílinn enn glæsilegri með 250.000 kr. sportpakka:

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið



Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnes, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 · HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000 · www.hekla.is, hekla@hekla.is

TAKTU NÆSTA SKREF
ÚT Í BUSKANNLÆGRA
LANTÖKUGJALD
LÆGRI
VEXTIR

BÍLALÁN

Finndu bara bílinn sem þig dreymir um og við sjáum um fjármögnunina. Reiknaðu lánið þitt á www.frjalsi.is, hringdu í síma 540 5000 eða sendu okkur línu á frjalsi@frjalsi.is. Við viljum að þú komist sem lengst!

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN